# FRÉTTABLAÐIÐ

175. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 26. JÚLÍ 2018




Það var nokkuð fjölmennt við náttúruperluna Dettifoss í gær en ferðamenn austanmegin fossins hættu sér oft á tíðum ótrúlega nálægt brúninni svo litlu mátti muna. Eftir rigningarskúrir að undanförnu eru steinar við fossinn sleipir og stígar lítið annað en eitt forarsvað. FRÉTTABLAÐIÐ/MATTHILDUR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Jóhannes Þór Skúlason um Íslandsvinina Slash og sléttbak. 18

**SPORT** Haraldur Franklín stefnir á Evrópumótaröðina í haust. 18

**MENNING** Á Reykholtshátíð flytur Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir erindi um Jón lærða. 32

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.




# Enn hrapar þyrla með gírkassann frá Airbus

**Fimm fórust þegar spaði losnaði af þyrlu í Suður-Kóreu í síðustu viku. Var með sams konar gírkassa og tvær þyrlur sem Landhelgisgæslan leigir. Flugslysanefnd í Noregi gagnrýndi búnaðinn stuttu eftir að gengið var frá leigunni til Íslands.**

**FLUGMÁL** Þyrla með sams konar gírkassa og er í tveimur þyrlum sem Landhelgisgæslan hefur tekið á leigu frá Noregi hrapaði í Suður-Kóreu fyrir níu dögum.

Vefurinn Defence-Blog.com, sem fjallar um hernaðarmál, birtir myndband af slysinu úr eftirlitsmyndavél á flugvellinum í Pohang í Suður-Kóreu. Kemur fram að herþyrla hafi verið að leggja upp í reynsluflug síðdegis 17. júlí. Þyrlan er af gerðinni MUH-1 Surion. Sú tegund er framleidd í samstarfi við Airbus sem leggur meðal annars til gírkassa í vélarnar.

„Þyrlan hrapaði í reynsluflugi. Herinn mun setja saman rannsóknarteymi til að finna nákvæmlega ástæðuna fyrir slysinu,“ er haft eftir embættismanni í Suður-Kóreu. Litlar opinberar fréttir eru af málinu þar sem ekki var um borgaralegt flug að ræða en myndbandið er á frettabladid.is.

Flughæð þyrlunnar var aðeins um tíu metrar þegar aðalspaði hennar losnaði af og vélin steyptist til jarðar. Eldur kom upp í flakinu og aðeins einn af sex um borð lifði af. Er um að ræða sams konar slys og í Noregi 2016 þar sem þrettán fórust og í Skotlandi 2009 þar sem sextán manns létu lífið. Voru þær þyrlur af Super Puma gerð – sams konar vélar og Landhelgisgæsla Íslands hefur samið um leigu á með því að taka því sem lýst var sem „tilboð aldarinnar“ í innanhússpósti hjá stofnuninni.

> **Herinn mun setja saman rannsóknarteymi til að finna nákvæmlega ástæðuna fyrir slysinu.**
>
> Defence-Blog.com

Eftir slysið í Noregi 2016 voru þyrlur með þessa tilteknu gírkassa frá Airbus kyrrsettar, átti það líka við um MUH-1 Surion í Suður-Kóreu. Þeirri kyrrsetningu var síðar aflétt eftir að Airbus hafði kynnt mótvægisaðgerðir. Þær fólust meðal annars í segli sem nema á málmflísar sem losna og í því að stytta notkunartíma gírkassanna niður í aðeins fjórðung af því sem áður var.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu kynnti rannsóknarnefnd flugslysa í Noregi 5. júlí síðastliðinn lokaniðurstöður sínar varðandi þyrluslysið 2016. Þá voru aðeins fáeinar vikur frá því að Landhelgisgæslan gekk að skynditilboði um að taka áðurnefndar þyrlur á leigu. Rannsóknarnefndin sagði meðal annars ósannað að ekki gætu enn þróast leyndar málmþreytusprungur í gírkössunum. Airbus verði að endurhanna gírkassann með tilliti til styrkleika, áreiðanleika og öryggis. Það væri hins vegar á ábyrgð annarra en nefndarinnar að skera úr um lofthæfi vélanna.

Ásgeir Erlendsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, sagði eftir útkomu norsku skýrslunnar að sérfræðingar stofnunarinnar myndu á vikunum á eftir kynna sér efni hennar. Ekki fengust upplýsingar um stöðu þess máls hjá Landhelgisgæslunni í gær. **– gar**

## Keyptu allt hlutaféð í Libra

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Five Degrees, sem er að hluta til í eigu tveggja fyrrverandi starfsmanna Landsbankans í Lúxemborg og Hollandi, hefur keypt allt hlutafé í íslenska fjártæknifyrirtækinu Libra. Kaupverðið hleypur á hundruðum milljóna.

Five Degrees sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir fjármálafyrirtæki. Björn Hólmþórsson, einn stofnenda, var yfirmaður tölvudeildar Landsbankans í Lúxemborg. Hann stofnaði Five Degrees með tveimur öðrum, þar á meðal Martijn Hohmann sem hafði umsjón með rekstri IceSave í Hollandi. **– tfh /** **sjá síðu 6**

## Von á nýju efni frá Gauta

**LÍFIÐ** „Það er mikið um sjálfsskoðun: dílemmað sem ég er með um hvernig ég geti verið tveggja barna faðir og lifað eðlilegu fjölskyldulífi en látið það hljóma rosa kúl,“ segir Emmsjé Gauti, en hann er í óða önn að vinna að tveimur nýjum plötum. **– sþh /** **sjá síðu 44**



**Emmsjé Gauti.**




## Veður




Gengur í strekkings austan- og norðaustanátt í dag með talsverðri rigningu suðaustanlands, en annars hægara og úrkomuminna. Dregur úr vindi og úrkomu í kvöld. SJÁ SÍÐU 30



**Ef til vill gat ljósmyndarinn heyrt þennan singapúrska kött mala.** NORDICPHOTOS/AFP

# Mal katta ekki bara merki um hamingju

**DÝR** Þótt mal katta tákni venjulega að þeir séu hamingjusamir geta kettir líka malað til að tjá stress eða ótta þótt hið fyrstnefnda sé algengast. Þetta segir Gary Weitzman, dýralæknir og framkvæmdastjóri dýrahjálparsamtaka í San Francisco. „Við erum bara rétt að byrja að skilja þetta hljóð og það er mörgum spurningum enn ósvarað,“ sagði Weitzman.

BBC fjallaði ítarlega um mal katta í gær. Þar kom fram að þótt hegðun hunda hafi verið meira rannsökuð, enda viljugri þátttakendur, sér í lagi ef matur er í boði, hafi mal verið mikið rannsakað undanfarið.

Sam Watson, rannsakandi hjá bresku dýrahjálparsamtökunum RSPCA, sagði við BBC að enn væri lítið vitað um hvernig villikettir möluðu sín á milli. Þó væri vitað að þeir mali þegar þeir þrífa hver annan. „Þeir gætu malað til að segjast vilja eitthvað, eða til að biðja um hluta af mat annars. Margt svona hreinlega vitum við ekkert um,“ sagði Watson.

Weitzman benti sömuleiðis á að mal katta gæti verið heilandi, en því hefur verið haldið fram að hin tuttugu til 150 riða tíðni kattamals gæti örvað beinvöxt. „Mal á þessari tíðni samræmist þekktri tíðni sem stuðlar að heilun manneskja. Beinvöxtur örvast við 25 til 50 rið og húð við um hundrað rið samkvæmt rannsóknum,“ sagði Weitzman. – þea

# Margar hendur vinna létt verk




**Gítarleikarinn Slash heillaði íslenska aðdáendur sína og Guns N' Roses með mögnuðum gítarleik og fantagóðri sviðsframkomu á vel sóttum tónleikum rokksveitarinnar á Laugardalsvelli í fyrradag. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni fór allt tónleikahald nokkuð vel fram en nokkuð var um ölvun á svæðinu. Hér sést fjölmennt lið taka til í Laugardalnum eftir tónleikana, enda vinna margar hendur létt verk.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Frægasti gíraffi heims með fangi

**DÝR** Gíraffakýrin April, líklega sú þekktasta sinnar tegundar, er með fangi á nýjan leik. Fimmti kálfur hennar er væntanlegur í heiminn í mars á næsta ári.

Hin sautján ára April býr í dýragarði í Harpursville í New York-ríki í Bandaríkjunum. Í apríl í fyrra bar hún kálfi sem hlaut nafnið Tajiri. Áhugasömum var gefinn kostur á að fylgjast með beinu vefstreymi síðustu tvo mánuði meðgöngunnar og alls nýttu 232 milljónir manna sér þann kost.

Búist er við því að fjöldi muni fylgjast með nú þegar afkvæmi hennar og hins sjö ára gamla Olivers kemur í heiminn.

Vinsældir April hafa stöðugt haldið áfram að vaxa síðan henni skaut upp á stjörnuhimininn og April á meðal annars heimasíðu og sína eigin fatalínu. – jóe




# Kátt á Klambra verður haldið í þriðja skiptið

**Nokkrir af vinsælustu listamönnum þjóðarinnar troða upp á barnamenningarhátíð á Klambratúni um helgina. Um þrjú þúsund mættu í fyrra. Einn skipuleggjenda segir fólk frá núll og upp úr eiga að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.**



**Um þrjú þúsund mættu á hátíðina í fyrra, stórir sem smáir.** FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

**MENNING** Fjölskylduhátíðin Kátt á Klambra fer fram í þriðja skipti um helgina. Fjölbreytt dagskrá er í boði fyrir alla fjölskylduna.

Markmið hátíðarinnar er að bjóða fjölskyldum upp á fjölbreytta menningar- og listviðburði á grænu svæði í Reykjavík. Hátíðin er haldin á Klambratúni en á svæðinu verður skiptiaðstaða, svæði þar sem hægt er að gefa brjóst í ró og næði auk allrar þeirrar afþreyingar sem í boði er.

„Hugmyndin kom upphaflega frá Jónu Ottesen en þetta var lokaverkefni hennar í námi í hagnýtri menningarmiðlun í Háskóla Íslands. Hún hafði samband við mig árið 2016 og við ýttum þessu úr vör með ómetanlegri aðstoð,“ segir Valdís Helga Þorgeirsdóttir, einn skipuleggjenda hátíðarinnar.

Síðan þá hefur hátíðinni vaxið fiskur um hrygg. Fyrsta árið mættu um fimmtán hundruð en í fyrra mættu tvöfalt fleiri. Samhliða aukinni aðsókn hefur fjölgað í hópi skipuleggjenda og telja þeir nú um tug.

„Í ár verða tvö svið, eitt stórt og annað minna. Þá verða ýmsar listasmiðjur fyrir krakka, ljóðaupplestur, leiksýningar og svo mætti lengi telja. Þetta er fyrir fjölskyldur með börn frá núll og upp úr,“ segir Valdís.

Meðal þess sem má finna á dagskránni í ár eru tónleikar með Friðriki Dór, JóaPé og Króla og Emmsjé Gauta. Ævar vísindamaður mun lesa upp úr væntanlegri bók sinni og Lalli töframaður lítur við. Þá verður í boði graffitikennsla, barnanudd, sérstakt föndurtjald verður á svæðinu og boðið verður upp á andlitsmálningu fyrir gesti. Upptalningin er ekki tæmandi.

> **Aðgangseyrir fer til að mynda í að trygga öryggi á svæðinu en ekkert barn fer út af því nema í fylgd með fullorðnum.**
>
> Valdís Helga Þorgeirsdóttir, einn skipuleggjenda



„Miðaverði á hátíðina er stillt í hóf og miðar í raun að því að hátíðin komi út á sléttu. Aðgangseyrir fer til að mynda í að tryggja öryggi á svæðinu en ekkert barn fer út af því nema í fylgd með fullorðnum. Þá gefum við fjölskylduhjálp Rauða kross Íslands miða til að útdeila,“ segir Valdís.

Herlegheitin hefjast á slaginu 11 á sunnudag og er veðurspáin með betra móti miðað við það sem verið hefur í sumar. Hafi fólk áhuga á að vera sjálfboðaliðar á hátíðinni er hægt að setja sig í samband við skipuleggjendur.

„Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi,“ segir Valdís að lokum.

joli@frettabladid.is

BOSS HUGO BOSS

SAND COPENHAGEN

POLO RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI COLLEZIONI

eterna

gardeur®

HUGO HUGO BOSS

G-STAR RAW

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI collezione

MANZ GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)



# Nýtt lyf við legslímuflakki samþykkt í Bandaríkjunum

**HEILBRIGÐISMÁL** Nýtt lyf til meðferðar á sársauka vegna legslímuflakks, eða endómetríósu, var nýlega samþykkt í Bandaríkjunum. Ester Ýr Jónsdóttir, varaformaður Samtaka um endómetríósu, segist fagna nýjum meðferðarúrræðum.

Sjúkdómurinn lýsir sér þannig að frumur úr innra lagi legsins finnast á öðrum stöðum í kviðarholinu sem veldur sársauka, blöðru- og þarmavandamálum auk ófrjósemi. Legslímuflakk er lítið rannsakað og lækning ekki þekkt. Oft er sársaukinn mikill þegar konur eru á blæðingum eða stunda kynlíf.

> Konur eru taldar móðursjúkar eða ekki tekið mark á þeim
>
> Ester Ýr Jónsdóttir, varaformaður Samtaka um endómetríósu

Hingað til hefur sársauki og ófrjósemi verið meðhöndluð með lyfja- og hormónameðferð. Ester segir misjafnt hvort slíkt henti. „Það er ofsalega misjafnt hvort meðferðin hefur jákvæð áhrif á einkennin. Það er alls ekki gefið. Það er ofboðsleg vanþekking á sjúkdómnum og margar konur fá ekki meðhöndlun við hæfi.“ Hún segir dæmi þess að konur með endómetríósu verði fyrir fordómum af hálfu heilbrigðisstarfsfólks. „Ég hugsa að stór hluti þess sé að þetta er kvensjúkdómur; konur eru taldar móðursjúkar eða ekki tekið mark á þeim.“

Lyfið heitir Orilissa. Á rannsóknarstigi náðist nokkur árangur með lyfinu. Eitthvað var um aukaverkanir, höfuðverki og svefnerfiðleika. „Það er mikilvægt fyrir konur með endómetríósu að komast til læknis sem hefur sérþekkingu á sjúkdómnum. Við hjá samtökunum bendum konum á að hafa samband við okkur í gegnum heimasíðuna okkar.“ **– jt, ósk**

## Ófullnægjandi upplýsingagjöf við lántöku

**NEYTENDUR** Upplýsingar við lántöku hjá öppunum Aur, Pei og Greitt voru ekki í samræmi við kröfur sem gerðar eru í lögum um neytendalán. Þetta leiddi athugun Neytendastofu í ljós.

Könnun stjórnvaldsins hófst í febrúar og voru rekstraraðilar beðnir um afrit af stöðluðu eyðublaði um lánssamning sem þeir nota. Með athuguninni vildi Neytendastofa kanna hvort neytendum séu veittar allar viðeigandi upplýsingar.

Könnunin leiddi í ljós að hjá öllum fyrirtækjunum þremur uppfylltu upplýsingar á stöðluðu eyðublaði annars vegar og hins vegar lánssamningi ekki þær kröfur sem lög um neytendalán gera ráð fyrir.

Neytendastofa hefur gefið rekstraraðilum smáforritanna fjögurra vikna frest til að laga vankanta sem komu í ljós við athugunina. Verði ekki orðið við því mega þau eiga von á dagsektum. Bæði Aur og Pei hafa tilkynnt stofnuninni að sú vinna sé hafin en ekkert slíkt skeyti hefur borist frá Greitt. **– jóe**

## Síbrotamaður í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Landsréttur staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð yfir manni sem grunaður er um fjölda afbrota. Maðurinn var í síðasta mánuði dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir umferðar-, fíkni-, hegningar- og vopnalagabrot.

Undanfarna tvo mánuði hefur hann ítrekað verið gripinn með þýfi og fíkniefni í fórum sínum. Þá er hann grunaður um hylmingu, akstur undir áhrifum fíkniefna og nytjastuld.

Lögreglan fór fram á að hann sætti gæsluvarðhaldi þar sem yfirgnæfandi líkur væru á því að hann myndi ella halda brotum sínum áfram. Á þetta féllst héraðsdómari. Landsréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms og verður heimilt að hafa manninn í gæsluvarðhaldi til 17. ágúst. **– jóe**

# Hringrásarhækkun launa fylgifiskur arftaka kjararáðs

**Ein umsögn barst um fyrirhugaðar breytingar á ýmsum lögum vegna brottfalls kjararáðs. Drögin nú byggjast á vinnu starfshóps sem forsætisráðherra skipaði um málefnið. Laun ákveðins hóps verða ákveðin með lögum og munu breytast í samræmi við meðaltalslaun ríkisstarfsmanna. Kjör þeirra hafa áhrif á meðaltalið.**



Þingið felldi lög um kjararáð úr gildi í vor. Nýtt fyrirkomulag á að verða að lögum í árslok. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**KJARAMÁL** Enginn lagalegur grundvöllur er fyrir útreikningum á árlegum meðaltölum reglulegra launa ríkisstarfsmanna heldur eru þeir í samræmi við þær aðferðir sem Hagstofan ákvarðar hverju sinni. Breytingar geta orðið á meðaltalinu vegna umbóta á aðferðum eða gögnum sem liggja þar að baki.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í umsögn Hagstofunnar um drög að frumvarpi um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð um síðustu mánaðamót. Frumvarpsdrögin voru kynnt í samráðsgátt ríkisstjórnarinnar en frestur til athugasemda rann út fyrir helgi. Drögin byggja á vinnu starfshóps sem forsætisráðherra skipaði í upphafi árs. Umsögn Hagstofunnar var sú eina sem barst.

Í drögunum er lagt til að laun þjóðkjörinna fulltrúa, dómara, saksóknara og ríkissáttasemjara verði ákveðin með fastri upphæð í lögum. Upphæðin er nú sú sama og fram kom í síðustu ákvörðunum kjararáðs fyrir hópana. Upphæðin kemur síðan til með að taka breytingum 1. maí ár hvert með hliðsjón af fyrrgreindu meðaltali. Til bráðabirgða munu laun presta og biskups taka sömu breytingum þar til samkomulag um nýtt fyrirkomulag launa þeirra næst. Aðrir færast undir kjaradeild fjármálaráðuneytisins.

Í athugasemd Hagstofunnar er þess einnig getið að það fyrirkomulag sem lagt er til geti leitt til hringrásar. Það er, hærra meðaltal reglulegra launa hækkar laun þeirra sem falla undir frumvarpsdrögin. Til útskýringar má taka það dæmi ef fyrrgreint meðaltal hækkar um sjö prósent. Laun hópsins munu þá sjálfkrafa hækka um sjö prósent 1. maí. Þar sem hópurinn er reiknaður inn í meðaltalið kemur hækkun hans til með að hækka meðaltalið aftur. Sú hækkun hækkar launin á ný, sem hækkar meðaltalið, sem hækkar launin og svo framvegis. Hið sama gildir ef meðaltalið lækkar.

Samkvæmt tölum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu eru ríkisstarfsmenn um 21 þúsund talsins en stöðugildin eru eilítið færri. Í hópnum sem fellur undir hina sjálfvirku breytingu eru á annað hundrað manns og því má leiða að því líkur að breytingar á launum þeirra komi til með að hafa minniháttar áhrif.

**joli@frettabladid.is**

### Hver mun ákveða laun hverra?

**Lögákveðin laun**
Forseti Íslands
Þingmenn
Ráðherrar
Dómarar
Saksóknarar
Seðlabankastjóri
Ríkissáttasemjari

**Laun ákveðin af forsætisnefnd**
Ríkisendurskoðandi
Umboðsmaður Alþingis

**Færast undir kjaraskrifstofu fjármálaráðuneytisins**
Yfirskattanefnd
Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Kærunefnd útlendingamála
Úrskurðarnefnd velferðarmála
Forstöðumenn ríkisstofnana

**Laun ákveðin af forsætis- og fjármálaráðherra**
Ráðuneytisstjórar





JEEP CHEROKEE LONGITUDE
JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.
AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 860.000 KR. FYLGIR FRÍTT MEÐ.
TILBOÐSVERÐ 6.690.000 KR.
DÍSEL 2.2 185 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTUR.
AUKAHLUTAPAKKI: MÁLMLITUR, 18" ÁLFELGUR, 30" DEKK, 8,4" SKJÁR, LEIÐSÖGUKERFI OG PREMIUM HLJÓÐKERFI, LYKILLAUST AÐGENGI, FJARSTART OG RAFMAGNS AFTURHLERI. TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR FRÁ 16. JÚNÍ TIL OG MEÐ 4. ÁGÚST

Jeep
THERE'S ONLY ONE


HÚSASMIÐJAN
blómaval
PALLAEFNI
ÚTSALA
25%
afsláttur
27x95 mm, 4 metrar, vnr. 628640
AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
Geggjað verð
628640
175kr/lm
234 kr/lm
Komdu og fáðu útsölutilboð í pallinn
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.
Sumarútsalan heldur áfram
25% afsláttur af ÖLLUM reiðhjólum
30% afsláttur af ÖLLUM fylgihlutum
blómaval
ÖLL SUMARBLÓM
50%
afsláttur
25% afsláttur af ÖLLUM ferðavörum
Byggjum á betra verði
www.husa.is

# Sjö ljósmæður á Landspítalanum dregið uppsagnir sínar til baka

**KJARAMÁL** Sjö ljósmæður höfðu dregið uppsagnir sína til baka á Landspítalanum í kjölfar þess að miðlunartillaga ríkissáttasemjara í deilu ljósmæðra og ríkisins var samþykkt í kosningu Ljósmæðrafélagsins í gær. Sömu sögu var ekki að segja af heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni þar sem engin ljósmóðir hefur dregið uppsögn sína til baka eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

> Það er þó fagnaðarefni að ákveðinn hópur hefur þegar ákveðið að slíðra sverðin.
>
> Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans



Páll Matthíasson, forstjóri spítalans, segir að hann vonist til þess að þær ljósmæður sem þegar eru hættar snúi aftur. „Það er þó fagnaðarefni að ákveðinn hópur hefur þegar ákveðið að slíðra sverðin,“ segir Páll, sem telur að margir samverkandi þættir hafi orðið til þess að samningar náðust. „Þegar deila er komin í óefni þá leggja allir sitt af mörkum til að finna lausn.“

Þó að samningar hafi náðst er spítalinn enn á viðbragðsáætlun. „Við þurfum enn að reiða okkur á aðstoð annarra stofnana, en það gengur betur að manna vaktir.“

Miðlunartillagan var samþykkt í atkvæðagreiðslu með 95,1 prósenti atkvæða. Á kjörskrá voru 247 og greiddu 224 atkvæði, eða 91 prósent.

Miðlunartillagan felur í sér sambærilegar hækkanir og samningur sem gerður var 29. maí en sérstökum gerðardómi verður falið að kveða upp úr um það hvort og að hvaða leyti álag, menntun og inntak starfs ljósmæðra eigi að hafa frekari áhrif á launasetningu.

Gerðardómur mun ljúka störfum fyrir 1. september 2018. **– ósk**

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

## MEST LESIÐ

1 Hátt í 200 lítrar af eldsneyti láku á vatnsverndarsvæði

2 Slash er ekkert að slóra: Mættur í Leifsstöð

3 Ríkissáttasemjari segir um leiðan misskilning að ræða

4 Segir „upphlaup“ stjórnar koma sér á óvart

## Viðsnúningur í rekstri Auðar I

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóðurinn Auður I, sem er í rekstri Kviku, hagnaðist um 166 milljónir króna árið 2017 samanborið við 103 milljóna króna tap árið áður. Í fyrra var gengið frá sölu á óbeinum eignarhluta sem nam um 29 prósentum í Ölgerðinni. Sjóðurinn átti útistandandi kröfu fyrir hluta kaupverðs upp á 726 milljónir króna við árslok. Þá var hlutur í 365 seldur og sjóðurinn fékk árangurstengda greiðslu vegna sölu á Yggdrasil árið 2016.

Auður I keypti í Ölgerðinni 2010 en árið 2016 seldu hluthafar, sem fóru fyrir 69 prósentum, hlut sinn. Kaupendur voru Akur í stýringu Íslandssjóða og Horn III í stýringu Landsbréfa og einkafjárfestar. Sjóðurinn á meðal annars 81 prósents hlut í Já og helmings hlut í Íslenska gámafélaginu. **– hvj**

# Kaupa íslenskan fjártæknirisa á mörg hundruð milljónir

**Hollenskt fyrirtæki í eigu tveggja fyrrverandi starfsmanna Landsbankans hefur keypt fjártæknifyrirtækið Libra sem er leiðandi á sínu sviði á Íslandi. Stofnuðu Five Degrees eftir fjármálahrunið og keyptu tölvukerfi Landsbankans í Lúxemborg af þrotabúinu. Kauphöllin seldi Libra árið 2009 til starfsfólks og fjárfesta.**



Libra selur hugbúnað sinn til fjármálafyrirtækja á Íslandi og hefur náð mjög stórri markaðshlutdeild. NORDICPHOTOS/GETTY

**VIÐSKIPTI** Hollenska fyrirtækið Five Degrees, sem er að hluta til í eigu tveggja fyrrverandi starfsmanna Landsbankans í Lúxemborg og Hollandi, hefur keypt allt hlutafé í íslenska fjártæknifyrirtækinu Libra. Kaupverðið hleypur á nokkur hundruð milljónum króna, að sögn kaupandans

„Í meginatriðum höfum við verið að búa til hugbúnað fyrir verðbréfaumsýslu annars vegar og lánaumsýslu hins vegar,“ segir Þórður Gíslason, framkvæmdastjóri og einn eigenda Libra, í samtali við Fréttablaðið.

Sögu félagsins má rekja aftur til ársins 1996 þegar hafin var vinna við þróun hugbúnaðar fyrir fjármálamarkaðinn innan fyrirtækisins Tölvumynda sem síðar varð TM Software. Stofnað var dótturfélag utan um hugbúnaðarþróunina árið 2001 sem fékk heitið Libra. Í janúar 2006 var Libra selt út úr TM Software til Nasdaq OMX sem aftur seldi félagið árið 2009 til Þórðar, fjárfesta og starfsfólks.

„Libra hefur ekki verið áberandi fyrirtæki í gegnum árin, og hefur okkur liðið ágætlega með það. Við störfum á afmörkuðum markaði á Íslandi og erum vel þekkt á meðal fjármálafyrirtækja,“ segir Þórður.

Libra velti 497 milljónum á árunum 2017 sem var átta prósentum meiri velta en árið á undan. Hagnaður félagsins nam 15 milljónum króna samanborið við 51 milljón árið 2016.

Þórður segir að kaupverðið hafi verið greitt í reiðufé. Eigendur og starfsfólk Libra eignist þannig engan hlut í sameinuðu fyrirtæki Libra og Five Degrees. Þórður átti 67 prósenta hlut í Libra fyrir samrunann á móti 15 öðrum hluthöfum sem áttu allir minna en 10 prósenta hlut.

„Við höfum undanfarin misseri leitað vaxtarleiða til að styðja enn betur við viðskiptavini okkar og íslenskan fjármálamarkað,“ segir Þórður.

### Ætluðu að stofna banka

Five Degrees sérhæfir sig í hugbúnaðarlausnum fyrir banka og fjármálafyrirtæki. Björn Hólmþórsson er einn af stofnendum Five Degrees en hann var áður yfirmaður tölvudeildar hjá Landsbankanum í Lúxemborg. Hann stofnaði Five Degrees árið 2009 ásamt tveimur öðrum meðstofnendum, þar á meðal Martijn Hohmann sem hafði umsjón með rekstri IceSave í Hollandi.

„Eftir fjármálahrunið ætluðum við upphaflega að stofna banka en það gekk ekki eftir enda var ekki verið að gefa út bankaleyfi í Evrópu á þessum tíma,“ segir Björn. Þá sneru stofnendurnir sér að því að þróa hugbúnað fyrir fjármálafyrirtæki og lönduðu fljótlega samningi við nýjan banka sem hollenska tryggingafyrirtækið Aegon hafði komið á laggirnar.

### Réðu hönnuði IceSave

Ráðnir voru fimm fyrrverandi starfsmenn Landsbankans í Lúxemborg sem höfðu komið að því að hanna og þróa netbankalausnir á borð við IceSave. Five Degrees keypti síðan tölvukerfi af þrotabúi Landsbankans í Lúxemborg og hefur vaxið hratt á síðustu árum. Velta fyrirtækisins nam meira en 12 milljónum evra, jafngildi 1,7 milljarða króna, á síðasta ári.

Björn segist ánægður með kaupin á Libra enda ætli Five Degrees að ná leiðandi stöðu á markaði stafrænnar bankaþjónustu á alþjóðlegum vettvangi. Hann segir kaupverðið trúnaðarmál en staðfestir að það hlaupi á nokkrum milljónum evra, eða sem nemur nokkur hundruð milljónum króna. **thorsteinn@frettabladid.is**








**RALPH LAUREN DAGAR**

## 20% afsláttur

**af öllum Ralph Lauren ilmum
dagana 26. júlí - 8. ágúst.**

**Glæsileg taska fylgir þegar þú kaupir
Ralph Lauren vörur fyrir 7.500 kr. eða meira.**

**HAGKAUP** *Meira* svona *alla daga*

# Mnangagwa sakaður um að svindla í kosningunum



Emmerson Mnangagwa, forseti Simbabve. NORDICPHOTOS/AFP

**SIMBABVE** Nelson Chamisa, forsetaframbjóðandi Hreyfingarinnar fyrir lýðræðisumbætur (MDC) í Simbabve, sagðist í gær sigurviss þrátt fyrir að kjörstjórn „svindlaði og prettaði“ til þess að hjálpa Emmerson Mnangagwa, sitjandi forseta og frambjóðanda Afríska þjóðarbandalags Simbabve (ZANU-PF).

Kjörstjórnin er hliðholl Mnangagwa og kosningarnar verða eintómt svindl, að því er Chamisa heldur fram. „Við munum vinna bæði dómarann og andstæðinginn. Við leyfum þeim ekki að komast upp með þetta,“ sagði hann á blaðamannafundi.

Til stuðnings máli sínu benti hann á að kjörstjórn hafi ekki viljað veita upplýsingar um hversu margir kjörseðlar hafi verið prentaðir né hvernig öryggi þeirra væri tryggt.

Orðrómur hafði verið uppi um að Chamisa myndi draga framboð sitt til baka og hvetja til sniðgöngu. Því hafnaði hann. „Við getum ekki sniðgengið eigin sigur. Sigurvegarar hætta ekki bara. Á þriðjudaginn verður kominn nýr forseti. Það er óumflýjanlegt. Við erum óstöðvandi,“ sagði Chamisa við stuðningsmenn, en kosið er á mánudag.

Mnangagwa bannaði stjórnarandstæðingum í gær að mótmæla kjörstjórninni í höfuðborginni Harare. „Ef einhver stuðlar að stjórnleysi munu lögin hafa yfirhöndina. Við leyfum ekki glundroða í landinu okkar. Við viljum frið,“ sagði forsetinn. – þea

## Hrina sjálfsmorðsárása í Sýrlandi

**SÝRLAND** Að minnsta kosti fimmtíu fórust og 78 særðust þegar vígamenn hryðjuverkasamtakanna Íslamska ríkisins gerðu röð sjálfsmorðsárása í suðvesturhluta Sýrlands í gær, einkum á vegfarendur í borginni Sweida. Frá þessu greindu sýrlenskir miðlar í gær. Bresku samtökin Syrian Observatory for Human Rights sögðu að hundrað hefðu farist, hið minnsta.

Árásirnar eru þær mannskæðustu sem gerðar hafa verið á yfirráðasvæði ríkisstjórnar Bashars al-Assad forseta að undanförnu. Hryðjuverkasamtökin hafa barist við Assad-liða á svæðinu að undanförnu.

Samkvæmt ríkisfréttastöðinni SANA sprengdu tveir árásarmenn sig í loft upp í Sweida. Syrian Observatory for Human Rights greindi frá því að árásarmenn fyrir utan borgina hafi tekið almenna borgara í gíslingu. – þea

# Hættir ekki baráttunni

**Hinn útlægi fyrrverandi héraðsforseti Katalóníu snýr aftur til Brussel á laugardaginn. Segist ætla að halda áfram baráttunni fyrir sjálfstæði Katalóníuhéraðs.**



Puigdemont er hvergi nærri hættur sjálfstæðisbaráttunni. NORDICPHOTOS/AFP

**ÞÝSKALAND** Carles Puigdemont, hinn útlægi fyrrverandi forseti Katalóníuhéraðs Spánar, hélt í gær sinn fyrsta blaðamannafund frá því hæstiréttur Spánar ákvað að fella niður handtökuskipun á hendur honum á dögunum. Sú ákvörðun var tekin eftir að Þjóðverjar neituðu að framselja Puigdemont.

Puigdemont fór upphaflega í útlegð til Brussel, höfuðborgar Belgíu. Á leið sinni aftur þangað eftir að hafa fundað með þingmönnum í Finnlandi var Puigdemont hins vegar handtekinn í Þýskalandi. Í gær sagðist Puigdemont ætla að ferðast aftur til Brussel á laugardaginn. „Ég tek með mér þúsundir bréfa frá Þjóðverjum sem hafa sent mér stuðningsyfirlýsingar,“ sagði hann.

Puigdemont sagðist hvergi nærri hættur baráttunni fyrir sjálfstæði Katalóníu, en ástæða útlegðarinnar er sú að hann hefur verið ákærður fyrir uppreisn gegn spænska ríkinu vegna sjálfstæðisyfirlýsingar sinnar í fyrra eftir ólöglega atkvæðagreiðslu um sjálfstæði héraðsins.

„Ákvörðun katalónsku þjóðarinnar um að lýsa yfir stofnun sjálfstæðs lýðveldis er staðreynd,“ sagði Puigdemont sem krafðist þess að Spánn virti vilja Katalóna. Alls greiddu 92 prósent kjósenda atkvæði með sjálfstæði í fyrrnefndri atkvæðagreiðslu. Kjörsókn var þó einungis 43 prósent, bæði vegna afskipta spænsku lögreglunnar af kosningunum og sniðgöngu sambandssinna.

Þá tjáði Puigdemont sig um Pedro Sanchez, formann Sósíalistaflokksins, sem tók við forsætisráðuneytinu á dögunum eftir að vantraust var samþykkt á Mariano Rajoy úr Lýðflokknum.

Nokkur þíða er komin í samskipti héraðsstjórnarinnar við ríkið eftir ríkisstjórnarskiptin og fundaði Quim Torra, aðskilnaðarsinninn sem tók við forsetastólnum af Puigdemont, til að mynda með Sanchez fyrr í mánuðinum. Puigdemont fagnaði því að viðræður hefðu átt sér stað og vakti máls á því að málflutningur spænska ríkisins hefði breyst. „En við þurfum að sjá aðgerðir, ekki bara innantóm orð,“ sagði Puigdemont.

Evrópusambandið hefur ekki viljað hafa bein afskipti af sjálfstæðismálinu. Puigdemont sagði að sýnin um sjálfstæða Katalóníu hafi alltaf falið í sér aðild að ESB. Aðspurður hvað honum fyndist um að ESB styddi baráttu hans ekki svaraði hann: „Er Evrópusambandið bara aðildarríkin? Því að við höfum notið stuðnings evrópskra borgara sem eru ekki hrifnir af mannréttindabrotum innan Evrópusambandsins.“ thorgnyr@frettabladid.is


# SKIPULAGSLÝSING

## Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna bráðabirgðaflutnings á Hamraneslínu I og II.

Bæjarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 23 maí s.l. breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna færslu á háspennulínu við Hamranes.

Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

**Lýsingu er hægt að nálgast á hafnarfjordur.is.**
**Skriflegar ábendingar sendist á: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is**
**eigi síðar en 9. ágúst 2018.**

**Þormóður Sveinsson**
Skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar

**Umhverfis- og skipulagsþjónusta, Norðurhella 2, 221 Hafnarfjörður,**
**Sími 585 5500 www.hafnarfjordur.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# KRÓNAN

#Grillsnilld




Silver Spring sósur

**299** kr. stk.



# Pylsupulsu party!




Pylsubrauð - osta og beikon

**369** kr. pk.




Sumarkaldi léttöl

**999** kr. pk.




Goða gæða grillpylsur - 260 g

**549** kr. pk.

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Stormasamri kosningabaráttu nú lokið

**Þingkosningar í Pakistan í gær. Pakistanska réttlætishreyfingin (PTI) fékk flest þingsæti. Kosningabaráttan hefur verið skotmark ýmissa hryðjuverkasamtaka og hafa hundruð farist í mánuðinum. Úrslitin vefengd í ljósi meintra óeðlilegra afskipta hersins. PTI sögð njóta góðs af afskiptunum. Öfgaflokkur, stofnaður til stuðnings morðingja, bauð fram. Það gerðu fylgismenn hryðjuverkamanns einnig.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Pakistanar kusu nýtt þing í gær. Samkvæmt þeim tölum sem höfðu borist þegar Fréttablaðið fór í prentun fengu jafnaðarmennirnir í Pakistönsku réttlætishreyfingunni (PTI) 109 þingsæti af 342 alls. Íhaldsflokkurinn Múslimabandalag Pakistans (PML-N) fékk 67 sæti. Sósíalistarnir í Pakistanska lýðflokknum (PPP) fylgdu þar á eftir með 38 sæti.

Kosningarnar eru sögulegar fyrir þær sakir að þetta markar annað skiptið í sögu Pakistans þar sem ein lýðræðislega kjörin ríkisstjórn afhendir annarri stjórnartaumana eftir að hafa setið heilt kjörtímabil.

Því hafði verið spáð fyrir kosningarnar að mjótt yrði á munum á milli PML-N og PTI. PML-N hefur verið í stormasamri ríkisstjórn á yfirstandandi kjörtímabili. Fyrst undir forsæti Nawaz Sharif, áður en hann var dæmdur í tíu ára fangelsi í Panamaskjalamáli, og svo bróður hans, Shehbaz Sharif. Síðarnefndi bróðirinn leiðir nú flokkinn.

PTI hefur sótt í sig veðrið í kosningabaráttunni og leiðtoginn og fyrrverandi fyrirliði karlalandsliðs Pakistana í krikket, Imran Khan, nýtur vinsælda. Vinsældirnar hafa þó verið tortryggðar. Pakistanski herinn og leyniþjónustan ISI eru sökuð um að vinna gegn PML-N til að hagræða kosningunum, PTI í hag.

PPP, sem hefur oft áður verið stærsti eða næststærsti flokkur pakistanskra stjórnmála, meðal annars undir stjórn Benazir Bhutto, hefur varla komist með tærnar þar sem hinir tveir flokkarnir hafa hælana í kosningabaráttunni og endurspegla úrslit kosninganna það. Leiðtogi flokksins, Bulawal Bhutto Zardari, er sonur Benazir.

**Segja brögð í tafli**

Fawad Chaudhry, upplýsingafulltrúi PTI, fagnaði þeim niðurstöðunum sem komnar voru í gærkvöldi og lýsti því yfir að Imran Khan yrði nýr forsætisráðherra landsins. Ljóst er að PTI-liðar geta fagnað niðurstöðum kosninganna miðað við það sem fram var komið í gærkvöldi. Líklegast þykir að PTI myndi ríkisstjórn með óháðum auk þriggja smáflokka.

Aðrir tóku niðurstöðunum hins vegar ekki svo vel. Forsprakkar PPP og PML-N, sem og smærri flokka, draga úrslit kosninganna í efa.

Sharif hélt blaðamannafund þar sem hann sagði flokk sinn hafna niðurstöðunum og talaði um „augljós svik“. Í yfirlýsingu frá honum á Twitter sagði:

„Múslimabandalag Pakistans hafnar alfarið niðurstöðum þingkosninganna 2018 vegna gríðarlegra galla á framkvæmd þeirra. Eftirlitsaðilar okkar fengu ekki eyðublað 45, komið var í veg fyrir að atkvæði væru talin og atkvæði voru að auki talin þegar eftirlitsaðilar okkar voru fjarverandi. Þetta er óþolandi og óásættanlegt.“

Sharif sagði jafnframt að hann hefði á ferli sínum í stjórnmálum aldrei séð jafnhryllilegt ástand. „Það sem gerðist hér í dag færir Pakistan þrjátíu ár aftur í tímann. Ég hef ekki áður á ferli mínum séð sviksemi sem þessa eftir lokun kjörstaða,“ sagði þessi formaður PML-N.

Eyðublaðið sem um ræðir er samkvæmt kosningalögum afhent fulltrúum flokka þegar talningu er lokið og á þeim eiga að koma fram niðurstöður talningar.



**Shehbaz Sharif, trúlega fráfarandi forsætisráðherra, hafnar niðurstöðunni og grunar aðra um græsku.** NORDICPHOTOS/AFP



## Enn gerðar árásir

Enn ein hryðjuverkaárás kosningabaráttunnar var gerð í gær. Sprengjuárás var gerð í borginni Quetta og fórst að minnsta kosti 31. Íslamska ríkið lýsti yfir ábyrgð á árásinni.

Fjölmargar árásir hafa verið gerðar á undanförnum vikum og þær flestar í fylkinu Balúkistan. Þar hafa liðsmenn meðal annars al-Kaída, Íslamska ríkisins og talibana gert vart við sig.

Stærsta árásin var gerð á baráttufund frambjóðanda BAP-flokksins í Mastung fyrr í þessum mánuði. Þá fórust 154, meðal annars frambjóðandinn Nawabzada Siraj Raisani, og rúmlega 220 særðust.

Þá réðust talibanar á baráttufund Þjóðarflokks Awami (ANP) í Peshawar þann 10. júlí. Tuttugu fórust, meðal annars frambjóðandinn Haroon Bilour, og 63 særðust. Önnur árás var gerð á bifreið Ikramullah Gandapur, frambjóðanda PTI, 22. júlí með þeim afleiðingum að Gandapur og bílstjóri hans létust.

Árásunum svipar til þess sem átti sér stað fyrir síðustu kosningar, árið 2013. Fórust þá tugir í aðdraganda kosninganna og rúmlega 130 á sjálfan kjördag.

Líkt og Sharif var Zardari óánægður með daginn. „Nú er komið fram yfir miðnætti og ég hef ekki enn fengið niðurstöður úr neinum kjördæmum. Frambjóðendur mínir hafa kvartað yfir því að fulltrúum okkar hafi verið hent út af kjörstöðum án ástæðulausu. Þetta er óafsakanlegt hneyksli,“ sagði PPP-formaðurinn.

**Herinn valdamikill**

Stjórn yfir Pakistan hefur til skiptis verið í höndum almennings og pakistanska hersins allt frá því ríkið fékk sjálfstæði árið 1947.

Forsætisráðherrar stýrðu ríkinu fram til ársins 1958 þegar fyrsta valdarán hersins átti sér stað. Herinn stýrði ríkinu til 1971 þegar lýðræðið náði yfirhöndinni á ný. Sex árum síðar framdi hershöfðinginn Zia ul-Haq valdarán og ríkti til 1988.

Í kjölfarið fylgdi ellefu ára valdatíð meðal annars Benazir Bhutto og Nawaz Sharif. Pervez Musharraf hershöfðingi sölsaði svo undir sig ríkið árið1999 og ríkti til 2008 og var það síðasta valdarán hersins.

Nú er herinn, líkt og áður segir, sakaður um óeðlileg afskipti af kosningunum. Khan, sem hefur heitið því að vinna gegn spillingu, er sakaður um að hagnast á þessum afskiptum.

**Óásættanleg afskipti**

Mannréttindaráð Pakistans (HRCP), óháð félagasamtök, birtu í síðustu viku harðorða fréttatilkynningu um meint afskipti hersins. „HRCP hefur alvarlegar áhyggjur af augljósum og skammarlegum tilraunum til þess að hagræða úrslitum komandi kosninga. Þótt það sé mikilvægt að kosningunum verði ekki frestað má efast um lögmæti þeirra,“ sagði í tilkynningunni.

**67**
**þingsæti fékk Múslimabandalag Pakistans**

**109**
**þingsæti fékk Pakistanska réttlætishreyfingin**

Gagnrýnt var sérstaklega að herinn hefði svo mikil völd þegar kemur að framkvæmd kosninganna. „Það að 350.000 hermenn verði staðsettir fyrir utan kjörstaði, og að yfirmenn hersins hafi fengið yfirráð yfir kjörstöðum, hefur gert það að verkum að óljóst er hvort herinn eða almennir borgarar stjórni framkvæmd kosninganna. Þessar aðgerðir eru fordæmalausar og hættulegar,“ sagði enn fremur.

PLM-N-liðar hafa stutt við bakið á Nawaz Sharif þrátt fyrir Panamaskjalahneykslið. Þeir, sem og einstaklingar úr dómarastéttinni, hafa sagt að tíu ára fangelsisdómurinn yfir forsætisráðherranum fyrrverandi sé til skammar. Ákvörðunin hafi verið tekin til að rýra traust á flokknum í aðdraganda kosninganna og að hún hafi í raun komið frá leyniþjónustunni ISI, sem vilji koma PLM-N frá völdum.

Nawaz Sharif hafði verið í útlegð þar til 14. júlí. Þá kom hann heim og var sendur rakleiðis í fangelsi. Í viðtali við BBC um málið á mánudag sagði Maryam Nawaz, dóttir Nawaz Sharif, herinn hafa staðið á bak við aðförina að föður sínum. „Þegar forsætisráðherrann neitar að hlýða hernum ákveður herinn að gera eitthvað af eftirfarandi: Fá trúarsamfélagið til að rísa upp gegn honum, kalla hann landráðamann, kalla hann handbendi Indverja eða kalla hann spilltan. Herinn gerir þetta við alla kjörna forsætisráðherra.“

Nokkrir frambjóðendur PML-N hafa sömuleiðis haldið því fram að reynt hafi verið að þvinga þá til að ganga til liðs við PTI. Herinn hefur hafnað öllum ásökunum um óeðlileg afskipti.

**Ráðist gegn fjölmiðlum**

HRCP hefur einnig fjallað um fjölmiðlun í landinu í aðdraganda kosninganna. Sagði ráðið í tilkynningu á mánudag að herinn hefði meðal annars lagt auglýsingabann á dagblaðið Dawn eftir að það birti viðtal við NawazSharif.

Auk þess sagði HRCP frá því að í Punjab hafi fjarskiptayfirvöld verið neydd til þess að klippa á útsendingar þriggja sjónvarpsstöðva eða gera þær óaðgengilegri. Sagði ráðið að viðmælendur hefðu greint frá því að ónefndir starfsmenn leyniþjónustunnar hafi gefið fyrirmælin.

Þá hafa fjölmiðlamenn ítrekað fengið heimsóknir eða símtöl með fyrirmælum frá leyniþjónustunni. Mun fleiri dæmi um meint afskipti hers og leyniþjónustu af fjölmiðlum má finna í tilkynningum ráðsins.

**Hryðjuverkaframboð**

Fréttablaðið fjallaði í apríl um að Hafiz Saeed, maðurinn sem er sagður hafa staðið á bak við hryðjuverkaárásirnar á Mumbai árið 2008 þar sem 166 voru myrtir, færi fyrir flokknum Milli Muslim League sem ætlaði í framboð. Flokkurinn fékk hins vegar ekki skráningu og er Saeed sjálfur ekki í framboði.

Sonur hans, Hafiz Talha Saeed, er þó í framboði fyrir flokkinn Allah-o-Akbar og eru alls 79 frambjóðendur til þings tengdir hryðjuverkasamtökum Saeeds, Laskhar-e-Taiba. Auk þess eru á annað hundrað bandamanna Saeeds í framboði til fylkisþinga og sveitarstjórna.

Menn Saeeds eru þó ekki einir um að vera umdeildir í kosningum gærdagsins. Pakistanshreyfingin (TLP) nýtur nokkurs stuðnings í Punjab, þar sem fjögur prósent segjast ætla að kjósa flokkinn í skoðanakönnun frá IPOR.

**Styðja morðingja**

TLP er götuhreyfing undir stjórn klerksins Khadim Hussain Rizvi. Hún var stofnuð árið 2015 eftir aftöku morðingjans Mumtaz Qadri. Sá var hengdur fyrir að hafa ráðið Salmaan Taseer, ríkisstjóra Punjab, af dögum vegna áforma Taseers um að koma á vægari refsingum fyrir guðlast. Rizvi og menn hans hafa hampað morðingjanum sem hetju og hafa staðið fyrir fjölda fjölmennra mótmæla á götum úti.

Rizvi var í viðtali við Newsnight á BBC í vikunni og sagði Pakistan stofnað sem ríki múslima. Hann fullyrti að stofnendur ríkisins hefðu einnig staðið með mönnum eins og Qadri.

Aðspurður um stefnu TLP um að herða refsingar við guðlasti og hvernig það samræmdist því að dauðarefsing væri nú þegar við glæpnum sagði Rizvi: „Við viljum að gildandi lögum sé framfylgt og að samsærinu gegn guðlastslöggjöfinni verði hætt.“

Liðsmenn TLP hafa sjálfir reynt að leika eftir glæp Qadris. Í maí síðastliðnum reyndi stuðningsmaður hreyfingarinnar til að mynda að taka innanríkisráðherra Pakistans af lífi, eftir að ríkisstjórnin gerði orðalagsbreytingar á drengskaparheitum kjörinna fulltrúa.

Ráðherrann þáverandi, Ahsan Iqbal, sagði við BBC að Rizvi hefði skipað fylgismönnum TLP að kenna sér lexíu. „Það er óásættanlegt að slíkt ofbeldi og slík haturshorðræða af hálfu flokks sem kjörstjórn hefur samþykkt sé liðin. Ég er nú með kúlu í líkamanum sem mun vera þar þangað til ég dey. Hún minnir mig á áskorarirnar sem við stöndum frammi fyrir,“ sagði Iqbal.

# GRILLKJÖTIÐ ÞITT ER Í NETTÓ




**LAMBASÚPUKJÖT**
FROSIÐ
**597 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.085 KR/KG~~




**LÚXUSGRILLPAKKI**
SÉRVALDAR LAMBA-GRILLSNEIÐAR MARINERAÐAR
**1.244 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.488 KR/KG~~




**LAMBA T-BONE**
MEÐ RÓSMARÍN MARINERINGU
**2.958 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.698 KR/KG~~




**SVÍNALUNDIR**
FROSNAR
**1.259 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.798 KR/KG~~




**LAMBALÆRI**
FROSIÐ
**999 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.249 KR/KG~~




**FERSKT NAUTAFILLÉ**
**2.975 KR/KG**
~~ÁÐUR: 4.959 KR/KG~~




**LAMBALÆRI**
MEÐ ÍSLENSKUM KRYDDUM
**1.439 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.999 KR/KG~~




**NAUTAFILLÉ**
Í SVEPPAMARINERINGU
**3.943 KR/KG**
~~ÁÐUR: 5.798 KR/KG~~



**LAMBABÓGSTEIK**
Í SVEPPAMARINERINGU
**2.499 KR/KG**
~~ÁÐUR: 3.498 KR/KG~~

-30%




**KJÚKLINGABRINGUR**
HVÍTLAUKSKRYDDAÐAR
**2.158 KR/KG**
~~ÁÐUR: 2.698 KR/KG~~

*ÓMISSANDI MEÐ STEIKINNI!*

*GÓÐ MEÐ KJÖTINU!*




**GRÍSAKÓTILETTUR**
PIPAR MARINERAÐAR
**1.399 KR/KG**
~~ÁÐUR: 1.898 KR/KG~~




**BÖKUNARKARTÖFLUR**
500 G - FORSOÐNAR
**179 KR/PK**
~~ÁÐUR: 239 KR/PK~~




**PIPAROSTASÓSA**
270 ML - FRÁBÆR MEÐ STEIKINNI!
**391 KR/STK**
~~ÁÐUR: 489 KR/STK~~

*ANANAS 50% AFSLÁTTUR!*



## Náttúrulega Ísland



Útsýni frá Sveinstindi til norðurs, yfir Langasjó til Vatnajökuls. Fögrufjöll eru hægra megin á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sveinstindur við Langasjó

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Sveinn Pálsson fæddist árið 1762 í Skagafirði og var ekki einungis merkilegur læknir heldur einn merkasti náttúrufræðingur Íslendinga fyrr og síðar. Hann stundaði framhaldsnám í Kaupmannahöfn en þar sem læknisfræði þótti á þeim tíma ótryggt nám til framfærslu og ekki á vísan að róa með læknisstörf að námi loknu lagði hann stund á náttúrufræði samhliða. Sóttist honum námið vel og varð hann fyrsti Íslendingurinn sem útskrifaðist með próf í náttúrufræði í Danmörku.

Sveinn er talinn hafa gengið fyrstur á Sveinstind við Langasjó líkt og Sveinstind í Öræfajökli, sem einnig er nefndur eftir honum og er annar hæsti tindur landsins (2.044 m) á eftir Hvannadalshnúki (2.110 m). Það er Þorvaldur Thoroddsen náttúrufræðingur sem á heiðurinn af nafngiftinni þegar hann rannsakaði svæðið í kringum Langasjó í lok 19. aldar.

Sveinstindur við Langasjó er mun auðgengnari en stóri bróðir hans í Öræfajökli og af fjallinu er gríðarlegt útsýni þótt aðeins sé það 1.090 metra hátt. Auðvelt er að komast að rótum fjallsins á jepplingum eftir vegarslóða sem opinn er frá júlí og fram í september. Fyrst er ekið sem leið liggur eftir Fjallabaksleið nyrðri þar til komið er að merktum slóða til norðausturs. Slóðinn er merktur Langasjó og Sveinstindi og liggur sunnan Grænafjallgarðs, rétt norðan Eldgjár. Stikuð gönguleið liggur á toppinn frá merktu bílastæði og ná flestir toppnum á skemmri tíma en klukkustund.

Af toppnum sést á góðum degi yfir fagurbláan Langasjóinn inn að vesturhluta Vatnajökuls, en meðfram eystri hluta Langasjávar liggja mosagróin fjöll sem heita því fallega nafni Fögrufjöll. Einnig sést í upptök Skaftár, Skaftárafrétt, Lakagíga og hrjóstrugt miðhálendið með ótal tindum, vötnum, ám og söndum.

Gönguleiðin hentar göngufólki á öllum aldri, jafnt öldruðum sem fjölskyldum með börn. Útsýnið yfir Langasjó er einkar fallegt á uppgöngunni og fá fjöll hér á landi trompa það útsýni sem við blasir af tindinum á góðviðrisdegi.



**Sjá nánar á Fréttablaðið+**
Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.



Langisjór á lygnum sumarmorgni. Margir gera sér ferð og ganga hringinn í kring um Langasjó. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Umhverfi Sveinstinds og Langasjávar er sannkölluð töfraveröld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Sveinstindur brýst fram úr rigningarskúr.



Sveinstindur gnæfir yfir umhverfinu fyrir botni vatnsins.



Útsýni úr mosabrekkum Fögrufjalla til Tungnárjökuls. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

» Gönguleiðin hentar göngufólki á öllum aldri, jafnt öldruðum sem fjölskyldum með börn. Útsýnið yfir Langasjó er einkar fallegt á uppgöngunni og fá fjöll hér á landi trompa það útsýni sem við blasir af tindinum á góðviðrisdegi.



MYND/MAP.IS



Sandstrendur og mosabrekkur við nyrðri enda Langasjávar.

# Opnaðu á lægra eldsneytisverð!



## -20KR.

**af hverjum lítra**
**í fyrsta sinn sem þú dælir**

## -16KR.

**af hverjum lítra**
**á afmælisdaginn þinn**

## -11KR.

**Allt að 11 kr. af hverjum lítra**
**með afsláttarþrepum Orkunnar**

Með því að nota Orkulykilinn tryggirðu þér lægra eldsneytisverð í hvert skipti sem þú dælir. Það er einfalt og fljótlegt að sækja um og virkja lykilinn. Nældu þér í Orkulykilinn og byrjaðu að spara.

**Sæktu um Orkulykil á orkan.is**

ORKAN


RÝMINGARSALA
VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
Allt að 50% afsláttur
GREECE FERÐATÖSKUR
Lítil 1.995 nú 1.295
Miðstærð 2.995 nú 1.495
Stór 6.995 nú 3.995
Settið 9.995 nú 6.785
Vnr. 327-11-1030
327-11-1031,
327-11-1032,
327-11-1033
NÚ VERÐ FRÁ:
1.295
FULLT VERÐ: 1.495
795
46% afsláttur
OSTEN BALI
Með fóðri.
Vnr. 316-17-1018
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 59.950
29.950
SEJS KOMMÓÐA
B94 x H93 x D45 cm. Vnr. 3620707
90% afsláttur
FULLT VERÐ: 99
10
LUREX ÖKKLASOKKAR
Stærðir: 23-41. Vnr. 28000070
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 2.995
1.495
SOPHIE POUF SESSA
Fæst í hvítum, svörtum og gráum lit.
55 x 55 x 25 cm. Vnr. 518-17-1024
RAGNAR SPEGILL
135 x 196 cm. Hvítur.
Vnr. 329-15-1029
66% afsláttur
FULLT VERÐ: 29.950
9.950
LEO STÓLL
Flottur stóll með góðri PU setu og baki.
Fætur úr gegnheilli, lakkaðri eik. Fást í
svörtu, hvítu, gráu og rauðu.
Vnr. 88880001997
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 7.995
3.995
46% afsláttur
FULLT VERÐ: 14.950
7.950
PANDORA SKARTGRIPASKÁPUR
Flottur skartgripaskápur með spegli.
Hæð: 150 cm. Vnr. 329-14-1012
50% afsláttur
DAGGINN KARFA
Lítil 995 nú 498
Miðstærð 1.995 nú 998
Stór 2.495 nú 1.248
Settið 4.995 nú 2.498
Vnr. 316-17-1025
NÚ VERÐ FRÁ:
498
50% afsláttur
REIMAR KLUKKA
Vnr. 332-17-1002
FULLT VERÐ: 3.995
1.995
RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR - RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR



SPARIÐ ALLT AÐ 90%
50% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
398
ADALRIK KÖRFUR
Lítil 795 nú 398 Miðstærð 1.295 nú 648
Stór 1.695 nú 848 Settið 3.995 nú 1.998
Vnr. 316-17-1010
40% afsláttur
FULLT VERÐ: 14.950
8.950
ANDY STÓLL
Fallegur stóll með góðri setu og baki.
Fætur úr gegnheilli, lakkaðri eik.
Fást í 5 litum. Vnr. 8880000790
Allt að 90% afsláttur
NÚ VERÐ FRÁ:
99
LÖBERAR
2 stærðir: 40 x 160 cm 995 nú 99
12 x 200 cm 1.295 nú 199
Vnr. 519-17-1020, 519-17-1021, 519-17-1022, 519-17-1023,
519-17-1024, 519-17-1025, 519-17-1026, 519-17-1027
50% afsláttur
3 STK.
FULLT VERÐ: 4.995
2.495
BONDE VÍRKÖRFUR
3 stk. í setti.
Vnr. 324-17-1025
66% afsláttur
FULLT VERÐ: 2.995
995
SIGFROD RAMMI
6 mynda rammi.
Stærð: 60,7 x 74 cm. Vnr. 328-17-1031
50% afsláttur
SEJS SKRIFBORÐ
B120 x H60 cm. Vnr. 3620836
FULLT VERÐ: 29.950
14.950
71% afsláttur
FULLT VERÐ: 3.495
995
BOLDE KARFA MEÐ LOKI
Stærð: 42 x 33 x 44 cm.
Vnr. 316-17-1019
37% afsláttur
SEJS GLER-SKÁPUR
B93 x H190 x D45 cm.
Vnr. 3620706
FULLT VERÐ: 79.950
49.950
Kauptu 10 stk. og sparaðu 66%
10 PÖR NÚ:
1.000
PRINT SOKKAR
Háir print sokkar. Ein stærð.
1 par 299 nú 10 pör 1.000
Vnr. 550-51163
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 1.495
745
YOGA HANDKLÆÐI
170 x 60 cm.
Vnr. 128530320
50% afsláttur
FULLT VERÐ: 995
495
MYND
Vnr. 328-17-1014
Wild&Free
Stay Wild!
Hug me
Keep Growing
RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR 26.07 - 29.07

# Ástand heimsins













1 Hundraða er enn saknað og að minnsta kosti áttatíu eru látnir eftir að stífla brast í Laos aðfaranótt þriðjudagsins. Þúsundir eru heimilislausar og gista í neyðarskýlum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2 Grikkir leita enn að þeim tugum sem er saknað á Attíkuskaga. Skógareldar hafa kostað að minnsta kosti áttatíu lífið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

3 Spænskur mótmælandi veifar fána Plataforma Caracol, félags leigubílstjóra, er hann mótmælir kjörum sínum í Barcelona þar sem leigubílstjórar eru í verkfalli. NORDICPHOTOS/AFP

4 Stuðningsmenn Nelsons Chamisa, forsetaframbjóðanda Hreyfingarinnar fyrir lýðræðisumbótum í Simbabve, á baráttufundi frambjóðandans. NORDICPHOTOS/AFP

5 Reykjarmökkur steig upp frá Tal Sakihæð í Gólanhæðum í gær eftir loftárásir Sýrlendinga. NORDICPHOTOS/AFP








brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

# Tax free

**AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM OG PENNAVESKJUM TIL 30. JÚLÍ***




***Afsláttur gildir ekki af Herschel skólatöskum. TAX FREE er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á við kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf. Gildir ekki með öðrum tilboðum.**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN

# Pólitík í predikunarstól



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það taldist til tíðinda og rataði í fréttir þegar nýr vígslubiskup í Skálholti, séra Kristján Björnsson, gerði loftslagbreytingar að umtalsefni í vígsluræðu sinni og lagði áherslu á nauðsyn þess að bregðast við háskanum. Í sömu predikun minntist hann á kynþáttahatur, kynjamisrétti og réttindamál minnihlutahópa. „Mannréttindi“, „jafnrétti“ og „misskipting“ voru orð sem komu fyrir í ræðu hans. Þetta var ekki bara hugguleg sunnudagsræða. Predikun hins nýja Skálholtsbiskups var að hluta til pólitísk.

Það hefur ekki ætíð verið til vinsælda fallið þegar kirkjunnar þjónar taka afstöðu í þjóðfélagsmálum, það hefur jafnvel kostað úrsagnir úr þjóðkirkjunni. Langauðveldast væri fyrir presta þjóðkirkjunnar að sýna hlutleysi í álitamálum og einbeita sér að því lesa upp úr ritningunni við hinar ýmsu athafnir án þess að setja orð hennar í samhengi við brýn þjóðfélagsmál. Biblían er þá bara gömul bók með bókstaf sem á ekki lengur sérstakt erindi. Þannig helst kirkjan íhaldssöm og framtakslaus og um leið verður hún skeytingarlaus og sinn versti óvinur. Þetta gerðist einmitt þegar þjóðkirkjan á sínum tíma tók ekki afstöðu með samkynhneigðum, rétt eins og trú þeirra væri óæskilegri en trúarsannfæring annarra.

Kirkjunnar þjónn sem lítur á orð Krists sem lifandi boðskap setur þau í samhengi við samtímann. Kjósi hann í predikun að ræða um hætturnar sem blasa við vegna loftslagsbreytinga getur hann auðveldlega tengt skilaboð sín við orð Páls postula úr Rómverjabréfinu: „Ég er í skuld“ og minnt á að öll erum við í skuld við framtíðina. Það sé skylda okkar að bregðast við loftslagsbreytingum og reyna að snúa skelfilegri þróun við.

Prestur sem lætur sér ekki standa á sama um neyð flóttamanna getur lagt sitt til málanna með því að vísa í predikun sinni í orðin úr Matteusarguðspjalli: „Því hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég, og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég, og þér hýstuð mig, nakinn og þér klædduð mig.“ Hann ætti að eiga auðvelt með að leggja út af þessum orðum og minna um leið á þá siðferðilegu skyldu okkar að rétta hjálparhönd fólki sem hefur orðið að þola miklar þjáningar.

Kirkjunnar menn sem taka afstöðu til þjóðfélagsmála og koma skoðun sinni til skila í predikun mega búast við harðri gagnrýni. Prestur sem í predikunarstól varar við hættunum sem stafa af loftslagsbreytingum og segir að auki að þær séu af mannavöldum fær skammir frá þeim sem halda því fram að slíkt hafi engan veginn verið sannað. Prestur sem vísar í orð Krists til staðfestingar á því að það sé siðferðileg skylda að veita flóttamönnum skjól kann að kalla yfir sig reiði þeirra sem segja að nær sé að huga að bágstöddum Íslendingum fremur en að dekra við útlendinga sem þar að auki séu margir hverjir múslimar.

Prestar landsins hafa vonandi ekki slíkt hérahjarta að þeir hrökkvi í kút við svo auma gagnrýni. Þeir eiga að standa uppréttir, minnugir orða úr Kronikubók: „Verið hughraustir. Látið ykkur ekki fallast hendur.“

**Þetta var ekki bara hugguleg sunnudagsræða. Predikun hins nýja Skálholtsbiskups var að hluta til pólitísk.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Gúlag þöggunarinnar**

**Á fjórum árum hafa 62 einstaklingar verið útilokaðir með „blokki“ frá umræðum í Facebookhópi Sósíalistaflokks Íslands og þannig verið bæði geltir og gerðir ósýnilegir. Helsti hugmyndafræðingur flokksins, hinn ofurtalnaglöggi Gunnar Smári Egilsson, upplýsir hópinn um að þessar hreinsanir séu ekki róttækari en svo að aðeins einn sé útlægur ger í rúmlega þriðju hverri viku. Helst hefur fólki verið úthýst fyrir að hrópa „Stalín, Gúlag og Venesúela á hverjum þræði,“ auk þess sem þaggað er niður í kapítalískum bröskurum sem reyna að selja „úr eða okurlán“ á þessu markaðstorgi sósíalískra skoðana. Sömu leið fara þeir sem eru með „særandi ummæli um einstaklinga eða hópa“.**

**1960-kynslóð grunnvitringa**

**Brynjar Níelsson sveiflar orðsveðju sinni í allar áttir á Facebook þessi dægrin og tuskaði í gær til gáfað fólk sem er til í hvað sem er á „kostnað annarra“. Vitringar þessir eru samkvæmt þingmanninum alþjóðasinnaðir spekingar sem telja alla sem eru þeim ósammála til öfgafullra fávita. Brynjar segir Háskólann hafa tekið að sér að fóstra nokkra slíka. Þeir allra gáfuðustu í þessum hópi ákafra alþýðufræðara „eru gjarnan rithöfundar eða álitsgjafar nema hvort tveggja sé og flestir fæddir kringum 1960.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Af þeim Slash og sléttbak



Jóhannes Þ. Skúlason
framkvæmdastjóri SAF

Við Íslendingar berum gæfu til að vera vinmörg þjóð. Í þessari viku hafa bæði Slash og sjaldgæfur sléttbakur bæst í hóp Íslandsvina. Og þó annar þeirra sé fingrafimari en hinn eiga þeir sameiginlegt að bætast í hóp milljóna Íslandsvina sem hafa sótt landið okkar heim, flestir til að kynnast náttúru og menningu þess. Og kannanir sýna að langflestir þeirra eignast Ísland að vini eftir ánægjulega dvöl.

Íslendingar eru nefnilega að gera frábæra hluti í ferðaþjónustu um allt land þar sem gæði og fagmennska hafa aukist til muna. Gæðagistiaðstaða og margvísleg afþreying fyrir ævintýragjarna hefur sprottið upp um allt land og hvarvetna má nú finna góða veitingastaði til að njóta kvöldsins. Á Höfn í Hornafirði má til dæmis dvelja í heila viku og borða frábæran mat á nýjum veitingastað á hverju kvöldi.

Það gleymist stundum í umræðunni um fjölda ferðamanna, gengið og allt hitt hvað ferðaþjónustan hefur breytt miklu fyrir okkur heimafólkið um leið og fyrir Íslandsvinina.

Hagur ferðaþjónustunnar og okkar sem byggjum samfélagið fer nefnilega saman á margvíslegan máta. Hún býr til fjölbreytileg atvinnutækifæri um allt land, þrýstir á innviðauppbyggingu og eykur tækifæri okkar til að njóta þess sem landið okkar hefur upp á að bjóða.

Milljónir Íslandsvina hafa hjálpað okkur að byggja upp alls konar sniðugt og skemmtilegt á skömmum tíma. Framboð á menningartengdri ferðaþjónustu eins og t.d. stórtónleikum rokkgoðanna Axl og Slash og annarri lifandi tónlist hefur stóraukist og menningarhátíðir á landsbyggðinni hafa blómstrað. Ævintýraferðir niður ár, ofan í eldfjöll og upp á jökla, fjöll og firnindi eru nú í boði fyrir alla sem vilja og einhverjir þeirra 350 þúsund ferðamanna sem leggja á hafið með 20 hvalaskoðunarfyrirtækjum með 300 starfsmönnum hafa mögulega séð Íslandssléttbakinn góða á svamli.

Öllum þessum nýju Íslandsvinum fylgja auðvitað áskoranir sem takast verður á við af skynsemi og ábyrgð. En þessi pistill fjallar ekki um þær, því stundum þarf að minna okkur öll á að ferðaþjónustan snýst ekki bara um eitthvert vesen.

**Á Höfn í Hornafirði má til dæmis dvelja í heila viku og borða frábæran mat á nýjum veitingastað á hverju kvöldi.**




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Næsti bær við Norðurlönd

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Brisbane – Konur höfðu ekki kosningarrétt í Grikklandi til forna eða í Róm og ekki heldur í Bandaríkjunum og Evrópu þegar lýðræði ruddi sér þar til rúms á 19. öld. Fyrstir til að veita konum kosningarrétt á landsvísu urðu Ný-Sjálendingar 1892, síðan komu Ástralar 1902, Finnar 1906, Norðmenn 1913 og Danir og Íslendingar 1915. Til samanburðar fengu konur í Sádi-Arabíu ekki kosningarrétt fyrr en 2015 og þá aðeins til sveitarstjórna; kosningarréttur karla þar er einnig bundinn við sveitarstjórnir. Hér segir frekar frá Ástralíu.

**Ástralíu vegnar vel**

Ástralía er næsti bær við Norðurlönd. Áströlum hefur vegnað vel frá aldamótunum 1900 þegar þeir stofnuðu sambandsríki sitt í núverandi mynd. Svo vel hefur þeim vegnað að Ástralía hefur staðið þétt við hlið Noregs skv. velferðarvísitölu Sameinuðu þjóðanna (e. Human Development Index) frá því mælingar hófust 1990. Þessi vísitala tekur mið af tekjum, menntun og heilbrigði þar eð tekjur í þröngum skilningi segja ekki allt sem segja þarf um afkomu fólks. Noregur hefur allar götur frá 2001 skipað efsta sæti velferðarlistans sem nær yfir flestar þjóðir heimsins.

Nú skipar Ástralía annað sæti listans skv. nýjustu tölum SÞ frá 2015. Meðaltekjur Ástrala eru að vísu ekki næsthæstar í heimi. Það sem lyftir þeim upp í annað sæti er mikil rækt við menntun og heilbrigði. Ástralar búa við svipað langlífi og Íslendingar að meðaltali, 82-83 ár á móti 79 árum í Bandaríkjunum. Ástralíu vantar tvö stig upp á fullt hús stiga skv. lýðræðisvísitölu Freedom House, fær 98 stig af 100 borið saman við 100 í Noregi, 95 á Íslandi og 86 í Bandaríkjunum. Ástralía missir tvö stig vegna eftirstöðva gamals misréttis sem afkomendur frumbyggja landsins hafa mátt þola. Þeir telja um 3% mannfjöldans sem er 25 milljónir. Ójöfnuður í tekjuskiptingu er minni í Ástralíu en í Bretlandi, Kanada og Írlandi og mun minni en í Bandaríkjunum ef miðað er við hlutdeild tekjuhæsta hundraðshluta heimilanna í heildartekjum. Ójöfnuðurinn er þó meiri en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

> **Vissulega felst í því frelsisskerðing að þurfa að mæta á kjörstað líkt og það skerðir frelsi manna að þurfa að greiða skatta, gegna skólaskyldu og herþjónustu, sitja í kviðdómi o.s.frv. Málið snýst um að skylda menn með lögum til að una minni háttar frelsisskerðingu til að tryggja framgang mikilvægra samfélagsmarkmiða.**

**Raðval**

Ástralar búa við sams konar flokkakerfi og Bretar þar sem tveir flokkar gnæfa yfir einn eða fleiri smáflokka. Brezka kosningakerfið byggir á einmenningskjördæmum og færir smáflokkum miklu færri þingsæti en svarar til kjörfylgis þeirra. Brezkar ríkisstjórnir hafa því iðulega minni hluta kjósenda að baki sér. Ástralar hafa annan hátt á. Þeir styðjast við raðval (e. ranked-choice voting) sem leyfir kjósendum að raða flokkum og frambjóðendum í forgangsröð til að halda fjölda ónýtra atkvæða í lágmarki. Þessi aðferð leyfir kjósendum minni flokka að gera einnig upp á milli stóru flokkanna og eyðir þannig áhyggjum kjósenda af að þeir kasti atkvæðum sínum á glæ með því að fylgja sannfæringu sinni. Kerfið tryggir að ríkisstjórnir Ástralíu hafa nær alltaf meiri hluta kjósenda að baki sér. Verkamannaflokkurinn annars vegar og hins vegar Frjálslyndi flokkurinn og Þjóðarflokkurinn sem er miklu minni hafa skipzt á að stjórna landinu frá 1972, nokkurn veginn jafnlengi hvor fylking um sig. Raðval færist í vöxt um heiminn og var t.d. notað við stjórnlagaþingskosninguna á Íslandi 2010.

**Kosningaskylda**

Þetta er ekki allt. Ástralar innleiddu kosningaskyldu 1924. Æ síðan hefur áströlskum kjósendum borið lagaskylda til að mæta á kjörstað. Við þessa breytingu jókst kjörsókn í þingkosningum úr 59% 1922 í 91% 1925 og hefur jafnan síðan verið á því róli. Tilgangurinn með breytingunni var samt ekki að örva kjörsókn, heldur bæta lýðræðið.

Vissulega felst í því frelsisskerðing að þurfa að mæta á kjörstað líkt og það skerðir frelsi manna að þurfa að greiða skatta, gegna skólaskyldu og herþjónustu, sitja í kviðdómi o.s.frv. Málið snýst um að skylda menn með lögum til að una minni háttar frelsisskerðingu til að tryggja framgang mikilvægra samfélagsmarkmiða. Þetta er hugsunin á bak við lögboðna kosningaskyldu. Sumir eru andvígir kosningaskyldunni og telja að sumt fólk eigi ekkert erindi á kjörstað. Aðrir telja reynsluna sýna að stjórnvöld taki meira tillit til allra kjósenda þegar öllum er skylt að kjósa. Enn aðrir benda á að tiltölulega fáir Ástralar eru flokksbundnir, þeir þurfa þess ekki þar eð einn tilgangur stjórnmálaflokka er að smala kjósendum á kjörstað. Smölun á kjörstað með tilheyrandi kostnaði er óþörf þegar lögin kveða á um kosningaskyldu að viðlögðum sektum. Kosningaskylda hneigist því til að draga úr veldi stjórnmálaflokka. Stjórnvöld í Ástralíu reyna að gera mönnum eins auðvelt að kjósa og framast er unnt í svo dreifbýlu landi. Kosningaskylda kallar á að framkvæmd kosninga njóti trausts. Kosningaskylda er lögboðin m.a. í Argentínu, Belgíu, Brasilíu, Lúxemborg og Singapúr.

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

JAGUAR E-PACE S

JAGUAR




ENNEMM / SÍA / NM89161

**Búnaður í Jaguar E-Pace S D150 er m.a.:** 10" Touch Pro skjár, símkerfi, 125w Jaguar hljómkerfi, LED-aðaljós með einkennandi dagljósum, 18" álfelgur, leðursæti, rafdrifin framsæti með 10 stillingum, íslenskt leiðsögukerfi, rafdrifnir upphitaðir speglar með sjálfvirkri deyfingu og aðkomuljósum, varadekk, neyðarhemlunarbúnaður, bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar að framan og aftan, akreinavari.

THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar E-Pace S D150, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ: 6.990.000 KR.

jaguarisland.is

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

# „Vannstu?“



**Ástvaldur Heiðarsson**
ráðgjafi í íþróttasálfræði og íþróttafræðingur

Í langflestum tilvikum byrja krakkar í íþróttum vegna þess að þeim finnst gaman að stunda íþróttina, finnst gaman að vera með vinum/vinkonum á æfingum og gaman að fara í íþróttaferðalög. Því miður gerist það með tímanum að þegar auknu kröfurnar koma frá þjálfara/íþróttafélaginu, foreldrum og einstaklingnum sjálfum um að „sigra“, þá breytist upplifunin. Oft bitnar það á gleðinni og ánægjunni sem þau tengdust upphaflega. Þau fara að hafa áhyggjur af úrslitum og fara að hafa áhyggjur af samanburði við aðra. Nú er ég ekki að halda því fram að gleðin deyi um leið og það kemur keppni, alls ekki, en keppni breytir upplifun einstaklinga. Sumir hafa gaman af því að keppa, aðrir minna og enn aðrir vilja helst alls ekki keppa.

Hugarþjálfun (mental training) er aðferð til að undirbúa sig andlega fyrir æfingar og keppnir. Krakkar og unglingar myndu græða gífurlega á því að kynna sér hugarþjálfun og stunda hana reglulega ásamt líkamlegum og tæknilegum æfingum. Íþróttafélög og aðstandendur leikmanna vilja eðlilega að þeirra einstaklingar læri að takast á við álag og kvíða, hafi stjórn á tilfinningum sínum og nái almennt að sýna sitt rétta andlit í keppnum. Nú er ég alls ekki að halda því fram að íþróttafélög séu á engan hátt að sinna hugarþjálfun leikmanna, en ég velti því fyrir mér hversu umfangsmikil og markviss sú þjálfun er.

Það virðist oft gleymast hversu mikið álag er á börnum og unglingum í dag sem eru að æfa í keppnishópi og stundum meira en eina íþrótt. Fyrir utan hið mikla líkamlega álag sem fylgir stífum æfingum, þá er einnig andlegt álag sem fylgir kröfum og væntingum. Það gleymist hversu stressandi það er fyrir ungt íþróttafólk þegar það færist upp um styrkleikaflokk innan síns félags (t.d. úr B-flokki upp í A-flokk eða úr A-flokki upp í Meistaraflokk). Þetta er eitthvað sem ungir íþróttamenn geta hæglega lent í miklum erfiðleikum með bæði á æfingum og í keppnum.

Hugarþjálfun tæklar meðal annars eftirfarandi hindranir þegar íþróttamaður...:

- Er yfirleitt betri á æfingum en í keppnum
- Á erfitt með að sýna sína bestu frammistöðu þegar aðrir eru að horfa á
- Hefur litla trú á eigin getu í keppnum
- Hugsar of mikið um álit annarra
- Þjáist af kvíða/áhyggjum/þunglyndi fyrir keppnir og einnig í keppnum
- Upplifir minnkandi áhugahvöt
- Glímir við lágt sjálfsálit
- Tengir sjálfsálit sitt beint við keppnisárangur
- Missir einbeitingu í keppnum
- Lætur utanaðkomandi truflanir hafa of mikil áhrif á sig í keppnum
- Á erfitt með að stjórna tilfinningum sínum
- Á erfitt með að ná sömu frammistöðu á æfingum og/eða í keppnum þó svo að líkaminn sé kominn í lag eftir meiðsli
- Setur of mikla pressu á sig í keppnum

**Það virðist oft gleymast hversu mikið álag er á börnum og unglingum í dag sem eru að æfa í keppnishópi og stundum meira en eina íþrótt.**

- Er með neikvætt sjálfstal
- Hefur óraunhæf markmið
- Óttast mistök
- Þjáist af fullkomnunaráráttu

Fyrir utan álagið sem fylgir breyttum aðstæðum, þá upplifa krakkar og unglingar stundum þá tilfinningu að þurfa að ná árangri í keppnum til að fá hrós og/eða viðurkenningu foreldra. Sú hugsun að þurfa að „réttlæta“ útgjöld foreldra getur líka komið upp, þar sem það er langt því frá ókeypis að vera í keppnishópi með tilheyrandi kostnaði (æfingagjöld, útbúnaður, keppnisgjöld og ferðalög).

Við megum ekki gleyma að ungt íþróttafólk er með mjög takmarkaða reynslu og er mjög mismunandi hvað varðar andlega hörku. Það er því gríðarlega mikilvægt fyrir foreldra/aðstandendur og þjálfara að bjóða upp á andlegan stuðning til að takast á við álagið og hjálpa því að ná fram sínu besta bæði á æfingum og í keppnum. Það verður ekki gert eingöngu með því að taka fleiri armbeygjur, hraðari spretti, og hærri hopp á æfingum. Einstaklingar þurfa að geta tekist á við mistök/ósigra til að nota þau sem stökkpall til að ná árangri.

Einn helsti munurinn (en að sjálfsögðu ekki sá eini) milli þeirra íþróttamanna sem ná árangri og þeirra sem ná ekki árangri er andlegi þátturinn. Hvernig bregst viðkomandi við álagi (á æfingum og/eða í keppnum)? Tekur viðkomandi gagnrýni vel? Hvernig er andlegi undirbúningurinn fyrir keppni? Er ótti/kvíði/spenna/tilhlökkun? Hvernig er markmiðasetningin, bæði skammtíma og langtíma? Öll þessi atriði eru tekin fyrir í hugarþjálfun og tel ég að flestir einstaklingar í íþróttum og þá sérstaklega krakkar og unglingar, þurfi að íhuga hvort sá þjálfunarþáttur sé jafn sterkur og hann gæti verið.

# Opið bréf til menntamálaráðherra



**Guðni Þór Þrándarson**
Samtökum um betri skóla

Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra.

Ég vil trúa því að þú einlæglega viljir bæta grunnskólana okkar.

Flestir átta sig á því að skólakerfið er að mörgu leyti alveg úrelt og að það þyrfti að verða t.d. mikið einstaklingsmiðaðra. Þó er gríðarleg tregða í kerfiskörlunum okkar, þeim finnst þetta bara ágætt eins og það er, og ýmsar tilraunir til bóta enda í skýrslumýri eða verulega útþynntar.

Ef við erum hreinskilin við okkur sjálf, ættum við foreldrar að viðurkenna að við erum búin að afhenda þeim alla ábyrgð (og þar með vald) yfir námi barnanna. Sumum finnst það ágætt, og bara fínt að geta unnið frá 8-16 alla virka daga. Þetta kemur hins vegar niður á frelsi barnanna og ábyrgð á eigin námi, sem er frumundirstaða góðs námsárangurs. Hvað höfum við svo upp úr því að vinna svona mikið, annað en háar vaxtagreiðslur, skatta o.s.frv.?

Orðið skólafangelsun á vel við um ástand barnanna, því þau ráða hvorki hvort þau mæta þangað, né hvað þau gera þegar þangað er komið.

Ein versta reglugerð landsins endurspeglar vandann: Reglugerð um heimakennslu gefur aðeins kennurum færi á þeim forréttindum að kenna heima, þótt starfandi séu réttindalausir kennarar í sumum skólum; skýrt brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Heimakennsla hefur mikla kosti og hún á að vera raunverulegur valkostur, en það er líka hægt að gera skólana sjálfa frjálsari. Heimakennsla tengir nemendur t.d. betur við nærsamfélagið sitt, og gerir þá færari í félagslegum samskiptum (öfugt við það sem margir halda).

Það er hugmyndin á bak við Sudbury-skóla, sem byggja á jöfnum atkvæðisrétti kennara og nemenda, og því að nemendur hafi fulla stjórn á því hvað þeir vilji læra og hvenær þeir mæti til skóla (annar galli sem margoft hefur verið bent á er að íslenskir unglingar eru af lífeðlisfræðilegum ástæðum hálfsofandi fyrstu tíma dagsins).

Það er ekki hægt að vera með slíka skóla í dag því aðalnámskráin gerir kröfur um tiltekið nám og ákveðnar matsaðferðir (próf o.þ.h.), en í Sudbury-kerfinu er enginn skyldaður í ákveðin fög eða próf.

Slíkir skólar hafa skilað framúrskarandi nemendum víða um heim frá því sá fyrsti byrjaði 1968 í BNA.

Grunnskólinn í Hrísey hafði það hugrekki að byrja með Sudbury-vikur í skólanum og áhugi stendur til að gera skólann að fullum Sudbury-skóla, sem myndi laða að fleiri börn í þetta viðkvæma samfélag. Áhættan af því að ráðast að fullu í þetta tilraunaverkefni hér er sama og engin, en ávinningurinn gæti orðið fyrirmynd fyrir aðra skóla um allt land.

**Reglugerð um heimakennslu gefur aðeins kennurum færi á þeim forréttindum að kenna heima, þótt starfandi séu réttindalausir kennarar í sumum skólum; skýrt brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.**

Vonandi munt þú sýna pólitískt hugrekki og færa íslenska skólakerfið inn í 21. öldina.



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

# Lestrargaldur allt árið



**Guðbjörg R. Þórisdóttir**
sérfræðingur í læsi hjá Menntamálastofnun

Nú er farið að síga á seinni hluta sumarleyfa nemenda um allt land og ekki seinna vænna að taka sér bók í hönd og hita sig dálítið upp fyrir haustið. Líklegt er að yfir 90% grunnskólanema landsins fari í lesfimipróf í september og þá er gott að vera búinn að æfa sig vel áður en skólinn byrjar því lestrarfærnin, eins og annað sem ekki er þjálfað reglulega, dalar ef lítið eða ekkert er lesið. Ef ekkert hefur verið lesið í þrjá mánuði má reikna með afturför sem því nemur og því eru sumir nemendur ekki búnir að ná fyrri færni aftur fyrr en í nóvember. Fæstir verða glaðir með það að sýna lakari árangur að hausti en að vori svo það er um að gera að spýta í lófana, drífa sig á bókasafnið eða dusta rykið af bókinni sem liggur undir rúmi og byrjað var að lesa. Gott er að lesa í korter á dag og þar sem það eru 96 korter í einum sólarhring verða vonandi fæstir í vandræðum með að finna sér tíma til að lesa. Einnig er gott að lesa fyrstu eða síðustu blaðsíðuna upphátt tvisvar fyrir sjálfan sig á meðan verið er að komast í gang en annars getur hver og einn þjálfað sig eins og honum eða henni líkar best. Lykilatriðið er að lesa og þá er líklegt að allir verði sáttir við frammistöðu sína á lesfimiprófinu í haust.

Góð frammistaða á lesfimiprófum ætti þó ekki að vera eina ástæðan fyrir sumarlestri eða lestri allan ársins hring því reglulegur lestur hefur marga kosti í för með sér. Þeir sem eru duglegir að lesa hafa betri málþroska, þeir eru flinkari málnotendur þar sem þeir hafa meiri orðaforða og betri lesskilning en þeir sem lesa lítið eða ekkert. Duglegir lesarar þekkja ritmálið einnig vel og eru því oftast betri í ritun, stafsetningu og málfræði en þeir sem lesa sjaldan. Og þar sem stór hluti náms fer fram í gegnum tungumálið skiptir miklu máli að kunna það vel. Orð eru nefnilega verkfæri hugsunarinnar og sá sem á vel búna verkfærakistu getur byggt flóknari hluti og leyst fjölbreyttari verkefni en sá sem á bara hamar. Svo má ekki gleyma galdri ritmálsins þar sem heimur höfundarins og heimur lesarans mætast. Þar verður til nokkurs konar samtal á forsendum beggja og þegar vel tekst til flytur textinn lesarann á slóðir sem hann þekkir ekki, hann öðlast hlutdeild í reynslu annarra og umburðarlyndi, samhygð og sannleika í veganesti sem endist út lífið. Kostir lestrar eru því óteljandi og því er um að gera að finna nú heppilegt korter til að taka sér bók í hönd!


PIER
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM
30-70%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SUMARVÖRUM
PIER
20-40%
AFSLÁTTUR AF
STOFUHÚSGÖGNUM
20%
AFSLÁTTUR AF
KÖRFUSTÓLUM
70%
AFSLÁTTUR AF
OPTICA
ÚTIHÚSGAGNASETTI
20-40%
AFSLÁTTUR AF
VÖLDUM SÓFUM
PAPASAN
STÓLL OG PULLA
VERÐ FRÁ
14.990 KR.
Skoðið úrvalið á
www.pier.is
Gildir 26.júlí - 1.ágúst. Gildir ekki með öðrum tilboðum.
PIER

# Logið til um orkumálapakka Evrópusambandsins á Íslandi



Jón Frímann Jónsson
rithöfundur

Undanfarið hafa öfgafullir íhaldsmenn og öfgafullir vinstri menn í samtökunum Heimssýn verið að ljúga að íslenskum almenningi um orkumálapakka Evrópusambandsins sem á að leiða í lög á næstu mánuðum á Íslandi. Það er ýmsu haldið fram af þeirra hálfu og ætla ég ekki að nefna það allt saman hérna. Ég mun eingöngu fara yfir það helsta sem ég man eftir. Enda hefur Heimssýn og aðrir öfgamenn haldið ýmsu fram um Evrópusambandið í gegnum tíðina og ekkert af því er samkvæmt raunveruleikanum.

Það sem er helst haldið fram er að Íslendingar muni tapa stjórn orkumála til Evrópusambandsins við innleiðingu þessara laga. Þetta er rangt. Íslendingar munu ekki tapa neinni stjórn yfir orkumálum sínum eða skipulagi. Það sem mun gerast er að umrædd lög munu tryggja að samkeppni sé virk á orkumarkaði á Íslandi og farið sé eftir lögum og reglum.

Ísland er ekki beintengt hinu evrópska raforkuneti og verður það ekki í framtíðinni. Ástæðan er eðlisfræði og fjarlægð Íslands frá næsta hentuga tengipunkti á meginlandi Evrópu. Fjarlægðin er einfaldlega of mikil til þess að þetta borgi sig og rekstrarkostnaður á slíkum raforkustreng yrði of mikill í dag. Það hefur ekki stoppað Heimssýn í að halda því fram að slíkt sé krafa Evrópusambandsins, slík fullyrðing hjá Heimssýn er lygi. Það er staðreynd að ríkisstjórn Íslands hefur látið gera margar skýrslur um þetta mál og sumar sýna fram á hagnað á meðan aðrar skýrslur sýna fram á tap. Það er alveg ljóst að lagning slíks raforkustrengs yrði alltaf ákvörðun Íslendinga og aldrei Evrópusambandsins og ekki einu sinni ef Ísland mundi ganga í Evrópusambandið og gerast fullgildur meðlimur.

**Ástæðan fyrir þessari miklu andstöðu við þessi lög frá Evrópusambandinu er mun dýpri en bara andstaða við þessi lög og reglur frá Evrópusambandinu. Hérna er verið að gera pólitíska tilraun til þess að koma Íslendingum úr EES-samningum**

**Samræma vinnu**

Helsta hlutverk Agency for the Cooperation of Energy Regulators (ACER), eða Orkumálastofnunar Evrópusambandsins eins og ég hef ákveðið að kalla stofnunina, er að samræma vinnu annarra orkumálastofnana innan Evrópusambandsins. Ákvarða stefnumörkun í samvinnu við viðkomandi stofnanir og passa að lögum og reglum sé framfylgt í samræmi við lög Evrópusambandsins. Vegna þess hvernig orkumálum Íslendinga er háttað þá er ekki að sjá að afskipti Orkumálastofnunar Evrópusambandsins yrðu mikil á Íslandi. Þessi samskipti fara einnig fram í gegnum ESA samkvæmt ákvörðun milli EFTA ríkjanna og Evrópusambandsins. Það verður því ekki um bein samskipti að ræða milli Orkumálastofnunar Evrópusambandsins og Orkustofnunar á Íslandi.

Eitt af stærri verkefnum EU ACER er að tryggja virka samkeppni á raforkumarkaði og að neytendur séu ekki sviknir af orkufyrirtækjum hvort sem um er að ræða sölu á gasi eða rafmagni. Það er einnig hlutverk EU ACER að tryggja að öllum öðrum reglum sé fylgt á innri markaði Evrópusambandsins og grípa til aðgerða ef sú er ekki raunin. Hlutverk EU ACER er margþætt og stærra en svo að ég komist yfir að útskýra það allt saman í þessari stuttu grein. Hægt er að kynna sér málið nánar á vefsíðu EU ACER.

Ástæðan fyrir þessari miklu andstöðu við þessi lög frá Evrópusambandinu er mun dýpri en bara andstaða við þessi lög og reglur frá Evrópusambandinu. Hérna er verið að gera pólitíska tilraun til þess að koma Íslendingum úr EES-samningum. Stefna Heimssýnar er að svipta Íslendinga öllu því frelsi sem þeir njóta í dag innan Evrópusambandsins og þetta hefur verið stefnan hjá Heimssýn frá upphafi. Enda voru þeir sem stofnuðu Heimssýn í upphafi á móti öllu alþjóðlegu samstarfi sem Íslendingar hafa farið í á undanförnum áratugum. Ég ætla að fara nánar yfir það í annarri grein um Heimssýn og þær lygar sem samtökin hafa verið að dreifa um Evrópusambandið á Íslandi. Það er staðreynd að Heimssýn hefur reynst Íslendingum mikið böl á þeim sextán árum sem samtökin hafa starfað.










# Almannagjá milli þings og þjóðar



Sverrir Björnsson
hönnuður

Í síðustu viku bauð Alþingi sjálfu sér og þjóðinni til hátíðarfundar á Þingvöllum.

Útkoman varð einhver pínlegasta athöfn Íslandssögunnar. Þingmenn brunuðu til fundarins á bílastyrkjunum sínum en þjóðin lét ekki sjá sig. Fulltrúar þjóðarinnar voru örfáir langniðurrigndir sumarbústaðabúar úr nærsveitum sem kúrðu handan gjárinnar sem hefðbundið er orðið að hafa milli þings og þjóðar á hátíðisdögum. Gjá sem breikkar og gliðnar eftir því sem launabilið milli yfirstéttar og almennings eykst.

Já, þetta var myndrænt og vandræðalegt. Grunaði engan í filabeinsturninum að Íslendingar eru ekkert fyrir tilgerð og snobb, finnst það í besta falli kátbroslegt? Til að kóróna vandræðaganginn var fasista frá Danmörku boðið að flytja hátíðarræðuna.

Það eina sem lyfti athöfninni á hærra plan voru nokkrir mótmælendur með snjóhvíta íslenska fána, auðir stólar Pírata og Helga Vala.

Mótmæli eru einn af hornsteinum lýðræðisins, réttur þegnanna til að láta álit sitt í ljós og veita yfirvöldum aðhald. Fýlutónninn í Steingrími, Bjarna og Guðlaugi vegna þess að mótmælin voru úr takt við formsatriði athafnarinnar gerði ekki annað en að dýpka gjána, því flestir aðrir vita að uppgangur fasismans er raunveruleg ógn við lýðræðið og við henni þarf að bregðast hvar sem hún birtist.

Helvítis gjáin raskar ró valdhafanna sem sjá almenning helst í mótmælastöðum fyrir utan vinnustað sinn og fyllast ótta, því tvisvar frá hruni hafa mótmælendur sópað þeim út úr húsinu. Þess vegna var eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar að setja hrúgu milljóna í að styrkja Alþingi og flokkana. Þau hefðu getað sparað þjóðinni peninginn, traust verður ekki keypt, það er áunnið. Milljónunum hefði verið betur varið í að hjálpa þeim sem alþingismenn lofsyngja mest í hátíðarræðum sínum, en þessa daga voru komandi kynslóðir í mestu vandræðum með að komast í heiminn og greyjunum hent hingað og þangað um landið í móðurkviði. Ástæðan sú að fjármálaráðherra og ríkisstjórn eru ákveðin í að eitt ríkasta land heims verði áfram láglaunaland.



**Já, mikilvægi mótmæla fyrir lýðræðið verður seint ofmetið og ágætt að rifja upp núna þegar elskaðasta mótmælanda lýðveldisins, Jóni blessuðum Sigurðssyni, var ekki boðið á Alþingishátíðina 1874.**

Það er ekki hægt að segja annað en mótmælin hafi tekist vel. Fálkaorðurnar fljúga heim til Bessastaða, Danir eru flestir í sjöunda himni með að fasistinn þeirra var rassskelltur opinberlega á Þingvöllum og samfélagsumræðan er á fullu. Hversu mikið á að láta yfir sig ganga? Hversu lengi eigum við að vera stillt og prúð í klafa formsatriða þegar okkur ofbýður? Þetta er góð umræða fyrir lýðræðið í landinu.

Já, mikilvægi mótmæla fyrir lýðræðið verður seint ofmetið og ágætt að rifja upp núna þegar elskaðasta mótmælanda lýðveldisins, Jóni blessuðum Sigurðssyni, var ekki boðið á Alþingishátíðina 1874. Líklega vegna þess að fáum árum áður stóð hann uppi í hárinu á yfirvöldum og mælti gullkorn íslenskrar mótmælasögu. Orð sem ávallt munu hvetja þjóðina til að láta ekki hvað sem er yfir sig ganga þegjandi og hljóðalaust: „Vér mótmælum allir.“

# TÖSKUDAGAR!

# ALLAR SKÓLATÖSKUR 30% AFSLÁTTUR



**Bakpoki blár og munstraður**
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-



**Bakpoki hestur**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki grænn felulitur**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki bleikur**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-




**Bakpoki hjólabretti**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki grár**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-



**Bakpoki blár**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki rauður hundur**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki peace**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki pony**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki bleik blóm**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki fótbolti**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki blár með hvítum röndum**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki gráar tölur**
**VILDARVERÐ: 14.139.-**
Verð: 20.199.-



**Bakpoki ferskjulitaður**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-

# KOMDU & GERÐU FRÁBÆR KAUP!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð á töskum gildir til og með 4. ágúst. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Þarf að markaðssetja mig betur

**Atvinnukylfingurinn Haraldur Franklín Magnús var ánægður með að fá að dýfa tánni í laugina með hákörlunum. Hann hefði hins vegar viljað gera betur þar. Haraldur Franklín vill fá fleiri tækifæri á stóra sviðinu og áttar sig á því að hann þarf að vera öflugri við að koma sér á framfæri til þess að auka líkurnar á því.**



Haraldur Franklín Magnús virðir fyrir sér stöðuna á Opna breska meistaramótinu um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY

**GOLF** Haraldur Franklín Magnús, atvinnukylfingur úr Golfklúbbi Reykjavíkur, er kominn hingað til lands til þess að taka þátt í Íslandsmótinu í höggleik sem fram fer í Vestmannaeyjum um helgina. Haraldur Franklín mætir til leiks á mótið eftir að að hafa tekið þátt í Opna breska meistaramótinu fyrstur íslenskra karlkylfinga.

Eftir fínan fyrsta hring lenti hann í kröppum dansi á öðrum hringnum. Þar af leiðandi þurfti hann að spila árásargjarnara golf á seinni hluta annars hringsins til þess að freista þess að komast í gegnum niðurskurðinn á mótinu. Honum tókst ekki ætlunarverk sitt og hann kveðst vera með blendnar tilfinningar eftir þátttöku sína í mótinu.

„Þetta var auðvitað mjög gaman, að fá að spreyta sig á svona stóru sviði var eitthvað sem ég hef stefnt að og það var mikil upplifun að vera þarna. Ég hefði hins vegar viljað gera betur. Eftir að hafa misst flugið á tveimur holum á öðrum hringnum þurfti ég að taka áhættu á lokaholunum og þær holur á þessum velli eru ekki hentugar fyrir þannig spilamennsku,“ sagði Haraldur um frumraun sína á Opna breska sem fram fór á Carnoustie-vellinum í Skotlandi sem þykir ansi erfiður á köflum.

„Það er mér hins vegar efst í huga eftir þessa helgi hvað mig langar að endurtaka þetta og ég stefni að því að fara þangað aftur. Þá langar mig mikið að taka þátt í fleiri sterkum boðsmótum og komast í Áskorendamótaröðina eða Evrópumótaröðina. Það er vonandi að spilamennska mín í Nordic-mótaröðinni tryggi mér sæti í Áskorendamótaröðinni, en ég var nálægt því í fyrra. Ég ætla svo taka þátt í Qualifying school í september síðar á þessu ári og freista þess að komast inn á Evrópumótaröðina þar,“ sagði hann um markmið sín í golfinu.

„Ég lærði mikið af því að spila á Opna breska, bæði hvað varðar að spila fyrir fleiri áhorfendur en ég er vanur og takast á við aukna fjölmiðlaathygli. Það er ekki mín sterka hlið að ræða við fjölmiðla og selja sjálfan mig með markaðsstarfi. Ég verð annaðhvort að fækka fjölmiðlaviðtölum eða læra betur að tækla fjölmiðla. Líklega er blanda af hvoru tveggja heillavænlegust. Það er að veita fjölmiðlum hæfilega athygli og gefa meira af mér þegar ég geri það. Þannig eyk ég líkurnar á að fá fleiri tækifæri á boðsmótum. Það er pirrandi að sjá kylfinga sem ég tel vera á mínu kalíberi fá að taka þátt á þeim mótum sökum þess að þeir eru öflugri en ég að láta vita af sér,“ sagði hinn hógværi og lítilláti Vesturbæingur.

> **Það er mér hins vegar efst í huga eftir þessa helgi hvað mig langar að endurtaka þetta og ég stefni á að fara þangað aftur. Þá langar mig að taka þátt á fleiri sterkum boðsmótum og komast á Áskorendamótaröðina eða Evrópumótaröðina.**

„Nú er hugur minn hins vegar á næstu helgi og mótinu í Vestmannaeyjum. Það er orðið allt of langt síðan ég vann þetta mót og ég stefni á að bæta úr því um helgina. Það verður gaman að takast á við völlinn og veðrið í Vestmannaeyjum. Það eru þrjú ár síðan ég spilaði þennan völl síðast, en ég þekki hann ágætlega og hef spilað hann þó nokkrum sinnum. Síðan fer ég út í upphafi næstu viku og geri mig kláran fyrir næsta mót í Nordic-mótaröðinni,“ sagði hann um næstu verkefni sín, en hann varð síðast Íslandsmeistari í höggleik árið 2012.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Inkasso-deild kvenna**

**Þróttur - Fylkir 1-2**
0-1 Sunna Baldvinsdóttir (22.), 0-2 Thelma Lóa Hermannsdóttir (41.), 1-2 Andrea Rut Bjarnadóttir (85.).

**ÍR - ÍA 3-5**
0-1 Heiðrún Sara Guðmundsdóttir (11.), 1-1 Shaneka Jordian Gordon (18.), 1-2 Bergdís Fanney Einarsdóttir (19.), 1-3 Bergdís Fanney (38.), 2-3 Guðrún Ósk Tryggvadóttir (44.), 3-3 Alda Ólafsdóttir (52.), 3-4 Heiðrún Sara (61.), 3-5 Veronica Líf Þórðardóttir (79.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 25 | Hamrarnir | 11 |
| Fylkir | 24 | Fjölnir | 9 |
| ÍA | 22 | ÍR | 8 |
| Þróttur | 20 | Aft./Fram | 7 |
| Haukar | 13 | Sindri | 1 |

## Ólafía og Valdís hefja leik í dag

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, og Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, hefja leik í dag á Opna skoska meistaramótinu í golfi. Fer mótið fram í Aberdeen en það er hluti af Evrópumótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims. Ólafía hafnaði í 13. sæti á þessu móti í fyrra en hún þarf að eiga gott mót til að gera atlögu að Opna breska meistaramótinu, fjórða risamóti ársins í kvennagolfi, sem fram fer um næstu helgi. **– kpt**

## Tryggvi Snær sendur á lán

**KÖRFUBOLTI** Valencia hyggst lána Tryggva Snæ Hlinason, landsliðsmann í körfubolta, til annars liðs á Spáni til þess að hann fái meiri spiltíma á komandi keppnistímabili. Það var spænski fjölmiðillinn Superdeporte sem greinir frá þessu.

Fram kemur í fréttinni að Monbus Obradoiro eða MoraBanc Andorra séu þau lið sem líklegast sé að fái að njóta krafta Tryggva Snæs á næstu leiktíð.

Tryggvi gekk til liðs við Valencia frá Þór Akureyri fyrir síðustu leiktíð, en hann fékk takmarkaðan spiltíma síðasta vetur og sjá forráðamenn Valencia fram á svipaða stöðu á næsta keppnistímabili. Þar af leiðandi sé heillavænlegra að hann fari tímabundið annað til þess að fá að spila meira og þróa sinn leik.

Hann tók þátt í nýliðavali NBA fyrr í sumar og æfði svo með liði Toronto Raptors sem tók þátt í Sumardeild NBA og var í leikmannahópi liðsins þar. Mínúturnar voru hins vegar af skornum skammti á þeim vettvangi hjá þessum stóra og stæðilega framherja. **– hó**




Tryggvi Snær mun færa sig um set á Spáni næsta vetur. MYND/KKÍ.

## Sveinn Aron fer frá Breiðabliki til Spezia

**FÓTBOLTI** Breiðablik hefur samið við ítalska B-deildarliðið Spezia um sölu á Sveini Aroni Guðjohnsen. Sveinn Aron mun á næstu dögum halda til Ítalíu þar sem hann undirgengst læknisskoðun og gengur frá lausum endum hvað varðar kaup og kjör. Þetta kom fram í frétt á heimasíðu Breiðabliks í gær.

Sveinn Aron, sem er tvítugur að aldri, kom til Breiðabliks frá Val fyrir tæpum tveimur árum. Hann hefur leikið 31 leik með Breiðabliksliðinu og skorað í þeim leikjum sjö mörk, þar af fjögur mörk í deild og bikar á þessari leiktíð.

Sveinn Aron á einnig að baki 17 leiki með yngri landsliðum Íslands og hefur skorað fjögur mörk fyrir yngri landsliðin.

Hann hefur lítið fengið að spila í síðustu leikjum eftir tilkomu danska framherjans Thomasar Mikkelsen sem komið hefur af krafti inn í lið Breiðabliks og skorað tvö mörk í fyrstu tveimur leikjum sínum fyrir liðið. **– hó**

## Stjarnan glímir við danskt stórveldi

**FÓTBOLTI** Íslensku félagsliðin sem eru enn með í Evrópudeild karla í knattspyrnu leika fyrri leiki sína í annarri umferð í forkeppni deildarinnar í dag. Fara þarf í gegnum fjórar umferðir til þess að tryggja sér sæti í riðlakeppni deildarinnar.



Úr leik FH og Lahti í Kaplakrika á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

FH og Valur leika á útivelli, en Stjarnan hefur viðureign sína með leik á Samsung-vellinum í Garðabænum. FH mætir ísraelska liðinu Hapoel Haifa og Valsmenn eru staddir í Andorra þar sem mótherjar liðsins eru Santa Coloma. Stjarnan fær hins vegar danska liðið FC Köbenhavn í heimsókn í kvöld.

Hapol Haifa er enn á undirbúningstímabili, en ísraelska deildin hefst eftir tæpan mánuð. Hapoel Haifa hafnaði í fjórða sæti deildarinnar á síðustu leiktíð, en liðið varð fimm stigum á eftir Hapoel Be'er Sheva sem varð ísraelskur meistari.

Santa Coloma er sömuleiðis að undirbúa sig fyrir komandi átök í deildarkeppninni heima fyrir. Liðið er ríkjandi meistari í Andorra, en það hefur orðið meistari þar í landi síðustu fimm keppnistímabil.

Deildarkeppnin er svo nýfarin af stað í Danmörku, en FC Köbenhavn hefur leikið tvo leiki og haft betur í öðrum þeirra og tapað hinum. FC Köbenhavn var þó nokkuð frá því að verða danskur meistari á síðustu leiktíð, en liðið endaði 27 stigum á eftir Midtjylland sem stóð uppi sem sigurvegari á mótinu. **– hó**

> **FH og Valur leika fyrri leiki sína í annarri umferð í forkeppni Evrópudeildarinnar á útivelli, en Stjarnan hefur leik á heimavelli sínum í Garðabænum.**

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 26. JÚLÍ 2018

# Táknkerfi hljómsveitarbolsins

Ásþór Loki Rúnarsson fékk fyrsta þungarokksbolinn í sárabætur þegar hann fimm ára fékk ekki að fara með foreldrum sínum á tónleika með Metallica. Hann segir að hljómsveitarbolir hafi mikla merkingu í þungarokksheiminum. →2



Ásþór Loki Rúnarsson er hér í Metallica bolnum góða sem var keyptur á tónleikum þungarokkssveitarinnar í New York. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI

Slepptu þynnkunni!






NÝJAR SENDINGAR Í
HVERRI VIKU!

*Fallegt, fágað og töff*

comma,

SMÁRALIND

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➪

Á Guns N' Roses tónleikunum í fyrradag mátti sjá fjölmarga aðdáendur sveitarinnar í bolum merktum sveitinni frá mismunandi tímabilum. Hljómsveitarbolir eru stór hluti af rokkheiminum og geta sagt ýmislegt um þann sem bolnum klæðist. Ásþór Loki Rúnarsson, gítarleikari og söngvari í þungarokkssveitinni Meistarar dauðans, gleymir aldrei þegar hann fékk fyrsta Metallica bolinn sinn.

„Ég hef alltaf verið þungarokkari í hjarta og skilst að ég hafi verið farinn að berja höfðinu í takt við Metallica þegar ég var þriggja ára,“ segir Ásþór sem í dag er nítján ára. Fyrsta bolinn fékk hann þegar hann var fimm ára. „Ég fékk ekki að fara á Metallica tónleika með pabba og mömmu af því ég var of lítill. en þau komu með bol í sárabætur handa mér. Ég á hann enn þá en hann er orðinn aðeins of lítill. Fyrsti bolurinn sem ég keypti sjálfur var líka Metallica bolur sem ég fékk á tónleikum í New York, fyrstu tónleikunum sem ég fór á með hljómsveitinni. Það er bolur með síðum ermum sem ég nota oft þegar ég er sjálfur að spila því hann er bæði flottur og svo hef ég heyrt að allar hreyfingar ýkist því ermarnar eru hvítar en bolurinn svartur.“ Hann segir að þungarokksaðdáendur merki sig hljómsveitum með bolum. „Ef þú átt marga boli með hverri hljómsveit ertu að sýna þeirri hljómsveit stuðning. Og þungarokksaðdáendur eru trúir sinni uppáhaldshljómsveit, jafnvel þótt hún gefi út nokkrar lélegar plötur í röð. Þetta er kannski ekki ólíkt því að styðja fótboltalið en munurinn er sá að það er enginn óvinur, þú getur haldið með öllum jafnt.“ Hann segir að nokkrar óskrifaðar reglur gildi um hljómsveitarbolanotkun. „Ef þú ferð á tónleika þá mætirðu í bol með að minnsta kosti einni hljómsveit sem er að spila þar og sýnir henni þannig stuðning og tónleikunum öllum í leiðinni. Við í Meisturum dauðans vorum alltaf í skyrtum þegar við byrjuðum að spila og merktum okkur þar af leiðandi ekki sem aðdáendur einhverra ákveðinna hljómsveita heldur vildum að hljómsveitin stæði fyrir sig sjálf. Um daginn þegar við spiluðum með Skálmöld vorum við samt allir í Skálmaldarbolum sem þeir gáfu okkur og það var ákveðinn virðingarvottur. Þeir voru síðan alls ekki í Skálmaldarbolum því þú spilar aldrei í þínum eigin bol, það er mjög mikilvæg regla.“ Hann segir boli líka geta verið minjagripi og jafnvel geti þeir komið af stað samræðum. „Það eru þá ekki endilega hljómsveitarbolir heldur bolir sem eru merktir ákveðnum tónleikaferðum eða tónleikahátíðum eins og Eistnaflugi eða Rokkjötnum. Þannig sýnir þú að þú hafir verið á þessum hátíðum því bolirnir fást yfirleitt ekki annars staðar en á hátíðinni sjálfri.“

Ásþór segist sjálfur ekki velta því mikið fyrir sér í hvaða bol hann er dagsdaglega en veit dæmi annars. „Ég er yfirleitt bara í bolnum sem er efstur í fataskápnum og er ekkert mikið að pæla í því en margir velja bolinn gaumgæfilega eftir því hvernig þeim líður og ef maður er ekki í stuði til að hlusta á Metallica þann daginn þá fer maður alls ekki í Metallica bol.“

Meistarar dauðans hafa í nógu að snúast þessa dagana en um síðustu helgi hituðu þeir upp fyrir Skálmöld á þrennum tónleikum, tvennum á Gauknum og einum á Græna hattinum. Enn fremur stendur yfir söfnun á Karolina Fund fyrir annarri plötu hljómsveitarinnar en sú fyrsta var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hljómsveitin hefur starfað í sex ár og samanstendur af bræðrunum Ásþóri Loka og Þórarni Þey sem er fimmtán ára trommuleikari en Ásþór er gítarleikari og söngvari hljómsveitarinnar ásamt því að semja flest lögin. Bassaleikarinn heitir svo Albert Elías Arason en þeir hafa þekkst síðan þeir voru smákrakkar gegnum foreldra sína. „Við tókum þátt í Hæfileikakeppni Íslands og í kjölfarið vorum við farnir að spila í grunnskólum og félagsmiðstöðvum og á endanum vorum við komnir á Rokkjötna 2015 og árið eftir á Eistnaflug en þetta eru tvær stærstu þungarokkshátíðirnar á landinu. Við höfum verið að semja lög og texta frá byrjun og nú er önnur platan okkar í burðarliðnum. Við erum búnir að taka hana upp en vantar herslumuninn á að geta klárað og erum því með hópfjármögnun í gangi á Karolina Fund.“ Árið 2015 söfnuðu Meistarar dauðans fyrir fyrstu plötu sinni á Karolina Fund með góðum árangri en sú plata hlaut tilnefningu til Hinna íslensku tónlistarverðlauna sem Rokkplata ársins. „Nýja platan heitir Lög þyngdaraflsins og á koverinu verður bara mynd af Isaac Newton. Við erum allir svolitlir nördar líka og fannst þetta einum of gott að hafa Newton þarna framan á. Og kannski fer hann einhvern tíma á bol!“



Ásþór Loki Rúnarsson, söngvari og gítarleikari í Meistarar dauðans, segir boli vera sterkt tjáningartæki í þungarokksheiminum. Hér er hann í Skálmaldarbol en Meistarar dauðans hituðu upp fyrir Skálmöld á dögunum.



Ásþór Loki hyllir hér hina goðsagnakenndu ensku rokkhljómsveit Led Zeppelin fyrir mikilvægt framlag sveitarinnar til þungarokksins.

Meistara dauðans má styrkja með því að fara inn á Karolinafund.is og leita undir Virk verkefni. Söfnunin stendur til 6. ágúst.







Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# STÓRÚTSALA

# 50-70%

afsláttur af fatnaði og skóm




**hjá Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is













Christina Baranski, Judy Cramer, Cher, Jessica Keenan Wynn, Alexa Davies, Meryl Streep, Amanda Seyfried og Lily James skörtuðu sínu fegursta þegar Mamma Mia! Here We Go Again var frumsýnd í London í síðustu viku.

# Úr Downton Abbey í Mamma Mia

**Kvikmyndin Mamma Mia! Here We Go Again hefur fengið góða dóma og helstu sérfræðingar segja að hún eigi fullan rétt á sér. Mörgum nýjum andlitum bregður fyrir í myndinni og meðal þeirra er leikkonan Lily James.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Lily James er vel þekkt leikkona úr bresku þáttunum Downton Abbey. Aðdáendur hennar þaðan þekkja hana undir nafninu Lady Rose MacClare. Lily fer með hlutverk Donnu á yngri árum en Meryl Streep leikur hana eldri. Það er á þeim tíma sem Donna kynnist grísku eyjunni og djammar á fullu blússi. Lily hefur sagt í viðtali að hún hafi alltaf haft gríðarlega mikið dálæti á Meryl Streep og táraðist þegar hún hitti hana í fyrsta skipti. Þar fyrir utan fannst henni ævintýri líkast að hitta höfundana, þá Björn og Benny, í eigin persónu. Þeim bregður reyndar fyrir í myndinni, Benny sem píanóleikara og Björn sem háskólaprófessor.

Lily segir að það hafi verið dásamlegt að fá tækifæri til að leika í Mamma Mia, fá að ferðast og starfa með svona mögnuðum Hollywood-stjörnum. Lily, sem er fædd 1989, hefur leikið í nokkrum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Hún vakti meðal annars athygli í myndinni Cinderella frá árinu 2015 þar sem hún lék aðalhlutverkið. Meðal annarra þekktra kvikmynda er Burnt þar sem Bradley Cooper fór með hlutverk matreiðslumanns.

Lily fæddist í Surrey á Englandi. Faðir hennar, Jamie Thomson, er leikari og tónlistarmaður. Amma hennar var þekkt amerísk leikkona, Helen Horton, sem lék meðal annars í Alien og Superman 3. Lily útskrifaðist frá Guildhall School of Music and Drama í London árið 2010. Það má með sanni segja að hún sé leikkona á uppleið.

Samkvæmt gagnrýnanda CNN kemur Lily með ferskan andblæ inn í kvikmyndina ásamt Cher,



Elizabeth McGovern og Lily James í partíi sem haldið var til heiðurs þáttunum Downton Abbey. Þær eiga báðar ættir að rekja til Bandaríkjanna.

sem leikur ömmu Sophie og Andy Garcia sem fer með hlutverk Fernando sem tengist auðvitað samnefndu lagi Abba. Leikarar úr fyrri kvikmyndinni eru þarna eins og Meryl Streep, Amanda Seyfried, Colin Firth, Stellan Skarsgård og Pierce Brosnan ásamt stórum hópi dansara. Mamma Mia! Here We Go Again er kannski ekki besta mynd í heimi en hún flytur okkur mikla hlýju, gleði og góða tónlist. Það er nægilegt til að gera sér ferð í bíó, segir gagnrýnandinn.

Það eru liðin tíu ár frá því fyrri myndin var frumsýnd og eignaðist milljónir aðdáenda. Heil tíu ár frá því lögin Dancing Queen, Take a Chance on Me og Super Trouper lifnuðu við á hvíta tjaldinu. Í nýju myndinni syngur Cher hið þekkta lag Fernando til Andy Garcia og hann tekur undir. Þau þykja fara á kostum. Aðdáendur Abba fá að heyra mörg lög í þessari nýju mynd og margar minningar vakna hjá þeim hópi sem upplifði hljómsveitina á áttunda áratugnum.



Lily James fer með hlutverk Donnu á yngri árum og fær góða dóma.




DIESEL TASKA FYLGIR KAUPUM Á DIESEL ILMUM FYRIR 6.900 EÐA MEIRA.

# DIESEL DAGAR

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI 26. JÚLÍ - 1. ÁGÚST.

**20% AFSLÁTTUR** AF DIESEL ILMUM



## Vinsæl á Instagram

Samfélagsmiðillinn Instagram er mikið notaður af þeim sem fylgjast vel með nýjustu tískustraumum og stefnum. Vinsælasta tískumerkið á Instagram er Chanel (chanelofficial) með um 29 milljónir fylgjenda.

Gucci (gucci) er í öðru sæti með 26,3 milljónir fylgjenda og Louis Vuitton (louisvuitton) er í þriðja sæti með tæplega 26 milljónir fylgjenda.

Fyrrverandi Kryddpían Victoria Beckham er í fjórða sæti með merkið sitt sem hefur um 21,6 milljónir fylgjenda og Dior (dior) er í fimmta sæti með um 20,4 milljónir fylgjenda.

Í sjötta sæti situr tískumerkið Dolce & Gabbana (dolcegabbana) með 17,5 milljónir fylgjenda og Prada (prada) er í því sjöunda með 16,1 milljón fylgjenda.

Versace (versace) er í áttunda sæti með 13,4 milljónir fylgjenda en Calvin Klein (calvinklein) er í því níunda með 13,2 milljónir fylgjenda.

Michael Kors (michaelkors) situr í tíunda sætinu með 12,1 milljón fylgjenda.



## Draumar rætast

Draumur kanadíska hönnuðarins Nina Kharey rættist í þessari viku þegar Meghan Markle mætti í flík frá henni á hátíðarhöld sem voru í tilefni af því að öld er liðin frá fæðingu Nelsons Mandela. Kharley segir að það hafi verið óraunverulegt augnablik þegar hún komst að því að hönnun hennar hafði verið notuð af einu þekktasta tískutákni Vesturlanda.

Markle mætti í fölbleikum ermalausum rykfrakka sem sló í gegn hjá tískuáhugamönnum og aðdáendum bresku konungsfjölskyldunnar. Frakkinn er frá tískumerkinu House of Nonie, en stílisti Markle, Jessica Mulroney, hefur verið viðskiptavinur merkisins árum saman.

Kharey sagði frá því hvernig upplifun það var að uppgötva að Markle hefði notað fötin hennar í viðtali við tímaritið HELLO!. Hún komst að því þegar hún fékk textaskilaboð frá kynningarstjóranum sínum klukkan korter fyrir sjö að morgni og segir að það hafi verið bæði ótrúlegt og rosalega óraunverulegt. „Pabbi minn fór að gráta. Ég byrjaði bara strax að gúggla og skoða og dáðist að því hvernig hún leit út,“ segir Kharey. „Hún var bara svo ótrúlega flott.“

Eins og við er að búast fór frakkinn umsvifalaust að rokseljast. „Loksins get ég sannað að ég eigi skilið að fá tíma og athygli, ekki bara fyrir heiminum, heldur fyrir sjálfri mér og fjölskyldunni minni. Ég hef eitthvað fram að færa!“ sagði Kharey um þessi tímamót í lífi sínu.

# Báðar í bleiku í Hvíta húsinu

Rania, drottning Jórdaníu, var klædd í fölbleikt þegar hún kom ásamt manni sínum, Abdullah konungi, á fund Trump-hjónanna í Hvíta húsinu í lok júní. Svo skemmtilega vildi til að Melania Trump var sömuleiðis klædd í bleikt. Þar sem þessar tvær konur þykja bera af þegar kemur að dýrum og fallegum fötum verður að draga þá ályktun að bleikt sé sumarliturinn í ár. Dressið sem Rania klæddist var reyndar tvískipt, buxur og skyrta. Buxurnar eru frá Adeam og kosta rúmar eitt hundruð þúsund krónur. Hönnuður Adeam er Hanako Maeda sem er af japönskum ættum en alin upp í New York. Eftir útskrift flutti Hanako til Tókýó þar sem hún kom Adeam á laggirnar. Vinsældir merkisins eru miklar.

Rania drottning er 47 ára og hefur barist ötullega fyrir mannréttindum múslimskra kvenna og barna. Hún hefur verið gagnrýnd fyrir baráttu sína en jafnframt þakkað. Abdullah og Rania eiga fjögur börn, Hussein, 24 ára, Iman sem er 21 árs, Salma, 17 ára, og Hashem, 13 ára.



**Rania drottning og Melania Trump þegar þær hittust í Hvíta húsinu í lok júní.**



## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilfang.is
S. 567 2000



**BESTA VERÐIÐ !**
Nýr VW Golf Trendline 1.6 Diesel, beinsk. aðeins nokkrir bílar í boði á 2.990 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT

## Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir
Fyrirferðalitlir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Viðgerðir

VAKA
VIÐ ERUM GERÐIR FYRIR VIÐGERÐIR!
VERKSTÆÐI, ÞAR SEM HLUTIRNIR GERAST HRATT OG ÖRUGGLEGA!



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU.**
Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.
**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL
Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 | info@handafl.is | handafl.is

# Nýr asískur veitingastaður í Dalbraut 1, 105 Reykjavík

WOK DRAGON

## Opnar í dag

## Glæsileg opnunartilboð 2fyrir1

af Wok Fusion menu gildir til 04/08.

Wok Dragon * Dalbraut 1,105 Reykjavík * sími:557-1888 * https://wokdragon.is
Mánudaga-Laugardaga: 10:30-21:30 * Sunnudaga: 12:00-21:00



BILLY IDOL
LIVE!
LAUGARDALSHÖLL · 1. ÁGÚST
MIÐASALA HAFIN Á TIX.IS

# Birgir keppir á firnasterku móti

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, keppir um helgina á Evrópumótaröðinni, næst sterkustu atvinnumannamótaröð kylfinga, í Þýskalandi. Meðal þátttakenda í mótinu er Patrick Reed, sigurvegarinn á Mastersmótinu fyrr í vor, Carl Schwartzel sem vann Masters-mótið árið 2011 og Paul Casey.



Er þetta sjötta mótið á þessu tímabili á Evrópumótaröðinni sem Birgir Leifur tekur þátt í. Fyrir vikið verður hann ekki með á Íslandsmótinu í höggleik sem hefst í Vestmannaeyjum í dag. **– kpt**

# Slóvenar sendu strákana heim

**HANDBOLTI** Íslenska handboltalandsliðið skipað drengjum undir tuttugu ára aldri féll úr leik á Evrópumótinu í Slóveníu í gær eftir fjögurra marka tap fyrir gestgjöfunum. Var þetta hreinn úrslitaleikur um hvort liðið myndi fylgja Þýskalandi upp úr milliriðlinum og í undanúrslitin.

Íslenska liðinu dugði jafntefli í gær eftir að hafa náð í stig gegn Þýskalandi og Serbíu í fyrstu leikjum milliriðilsins. Slóvenarnir náðu strax tökum á leiknum og leiddu með fjórum mörkum í hálfleik 14-10.

Var íslenska liðið alltaf að eltast við forskot Slóvena í seinni hálfleik og lauk leiknum með nokkuð sannfærandi sigri Slóvena. Birgir Birgisson var atkvæðamestur í íslenska liðinu með sex mörk. **– kpt**

# Hannes ekki í hóp hjá Qarabag

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, markvörður íslenska landsliðsins, var ekki í leikmannahóp Qarabag í markalausu jafntefli gegn Kukesi í undankeppni Meistaradeildar Evrópu í gær.

Hannes gekk nýlega til liðs við asersku meistarana í Qarabag sem komust alla leiðina í riðlakeppni Meistaradeildarinnar á síðasta tímabili. Gæti fyrsti leikur Hannesar komið á heimavelli í höfuðborginni Bakú þegar liðin mætast að nýju að viku liðinni.

**» Matthías sleit krossband fyrir ári en hann sneri aftur á völlinn gegn Val eftir meiðslin á dögunum.**

Matthías Vilhjálmsson, leikmaður Rosenborg, þurfti að fylgjast með af bekknum þegar liðsfélagar hans töpuðu 1-3 fyrir skoska félaginu Celtic á útivelli. Norsku meistararnir, sem slógu út Val í fyrstu umferð, komust yfir en Skotarnir svöruðu með þremur mörkum. **– kpt**

# ÍA fékk liðsstyrk

**FÓTBOLTI** ÍA fékk góðan liðsstyrk fyrir komandi átök í Inkasso-deildinni þegar Jeppe Hansen kom að láni frá Keflavík.

Var Jeppe í lykilhlutverki þegar Keflavík komst upp úr Inkassodeildinni í fyrra. Skoraði hann fimmtán mörk í 21 leik en hann er án marks eftir ellefu leiki í sumar hjá liði Keflavíkur sem stefnir hraðbyri aftur niður í Inkasso-deildina. **– kpt**

# Mun meiri spenna í karlaflokki

**Íslandsmótið í golfi hefst í dag í Vestmannaeyjum. Í karlaflokki er Birgir Leifur fjarverandi en allir aðrir bestu kylfingar landsins eru mættir. Í kvennaflokki eru aðeins tveir fyrrum meistarar skráðir til leiks.**

**GOLF** Íslandsmótið í golfi hefst í Vestmannaeyjum klukkan 07.30 í dag þegar Bjarni Þór Lúðvíksson úr GR slær fyrsta höggið af fyrsta teig. Bjarni er yngsti keppandi mótsins í karlaflokki og fagnar fjórtán ára afmæli sínu á öðrum degi móts. Er þetta í fjórða sinn sem mótið fer fram í Vestmannaeyjum, viku áður en Þjóðhátíð hefst en tíu ár eru liðin síðan mótið fór síðast fram á vellinum. Alls eru 130 kylfingar skráðir til leiks, þar af 31 í kvennaflokki en aðeins einu sinni áður í 51 árs sögu Íslandsmóts kvenna í höggleik hafa fleiri konur tekið þátt.

Vallarmetið í Vestmannaeyjum hefur staðið í sextán ár en það setti Helgi Dan Steinsson úr Golfklúbbnum Leyni árið 2002 er hann kom í hús á 63 höggum, sjö höggum undir pari vallarins. Hjá konunum á Sunna Víðisdóttir, GR, vallarmetið en það setti hún árið 2012 þegar hún kom í hús á 67 höggum, þremur undir pari.




Axel Bóasson úr Golfklúbbnum Keili vann sinn annan Íslandsmeistaratitil á heimavelli í fyrra. GSÍMYNDIR/SIGURÐUR ELVAR

### Gríðarleg samkeppni karlamegin

Fyrir utan sjöfalda meistarann Birgi Leif Hafþórsson verða allir bestu karlkylfingar landsins mættir til leiks.

Verða þar á meðal atvinnukylfingarnir Axel Bóasson, sem er ríkjandi meistari, og Haraldur Franklín Magnús sem keppti á Opna breska meistaramótinu fyrir viku, fyrstur íslenskra karlkylfinga.

Háðu þeir Axel og Haraldur eftirminnilega baráttu um titilinn á síðasta ári á heimavelli Axels í Golfklúbbi Keilis. Vann þá Haraldur upp fimm högga forskot Axels á tveimur síðustu holunum en Axel hafði betur í þriggja holu bráðabana. Var það annar Íslandsmeistaratitill Axels en Haraldur hefur unnið einn Íslandsmeistaratitil árið 2012 á Hellu.

Alls eru sex fyrrverandi Íslandsmeistarar skráðir til leiks í karlaflokki, þar á meðal Ólafur Björn Loftsson úr GKG sem vann mótið árið 2009 og Kristján Þór Einarsson, GM, sem vann fyrir tíu árum þegar mótið fór síðast fram í Vestmannaeyjum. Þá eru Sigurður Pétursson, GR sem varð Íslandsmeistari þrisvar og sexfaldi meistarinn Björgvin Þorsteinsson úr GA meðal keppenda.



Guðrún Brá Björgvinsdóttir atvinnukylfingur.

Er þetta 55. Íslandsmót Björgvins í röð en fyrsta mótið hans var einmitt Íslandsmót unglinga í Vestmannaeyjum 1964 þegar leikið var á níu holu velli. Var Björgvin lengi vel sigursælasti karlkylfingurinn ásamt Úlfari Jónssyni áður en Birgir Leifur hreppti sjöunda titil sinn árið 2016.

### Tvær stærstu stjörnurnar fjarverandi

Í kvennaflokki er reynslan heldur minni, aðeins tvær konur eru skráðar til leiks sem hafa orðið Íslandsmeistarar. Ragnhildur Sigurðardóttir, GR, sem vann fjórða Íslandsmeistaratitil sinn árið 2005 og Þórdís Geirsdóttir sem varð meistari árið 1987.

Síðustu ár hafa atvinnukylfingarnir tveir, Valdís Þóra Jónsdóttir, GL, og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir, GR, verið afar sigursælar en þær hafa báðar unnið þrisvar.

Valdís vann sinn þriðja titil í fyrra eftir baráttu við Guðrúnu Brá Björgvinsdóttur en Valdís og Ólafía eru báðar að keppa á Opna skoska meistaramótinu í Evrópumótaröðinni um helgina og gátu því ekki gefið kost á sér.

**» Yngsti keppandinn í Vestmannaeyjum er Perla Sól Sigurbrandsdóttir en hún verður tólf ára í september.**

Ætti það að gefa Guðrúnu Brá, eina atvinnukylfingnum sem tekur þátt í kvennaflokki, gott tækifæri til að gera atlögu að sínum fyrsta titli og feta með því í fótspor föður síns, Björgvins Sigurbergssonar, sem vann á sínum tíma fjóra Íslandsmeistaratitla.

Guðrún ætti að kannast vel við völlinn, rúmt ár er síðan hún varð Íslandsmeistari í holukeppni í Vestmannaeyjum.

Þá verður fróðlegt að fylgjast með spilamennsku Perlu Sólar Sigurbrandsdóttur og Lóu Dístu Jóhannsson en þær eru báðar fæddar árið 2006. Perla Sól er yngsti keppandi mótsins, aðeins ellefu ára gömul, en hún varð nýlega Íslandsmeistari í flokki 14 ára og yngri.

**kristinnpall@frettabladid.is**

# Tækifæri sem ég varð að stökkva á

**KÖRFUBOLTI** Dagur Kár Jónsson samdi í gær við við austurríska félagið Raiffeisen Flyers um að leika með liðinu næsta vetur. Mun hann því ekki leika með uppeldisfélagi sínu, Stjörnunni, í Domino's-deild karla í körfubolta á komandi keppnistímabili eins og til stóð.

Dagur Kár, sem gekk til liðs við Stjörnuna frá Grindavík fyrr í sumar, var búinn að leika síðustu tvö tímabil með Grindavík. Hann segir að viðræðurnar hafi tekið stuttan tíma.

„Þetta kom fyrst upp fyrir tveimur vikum og það er fínt að vera búinn að ganga frá þessu. Ég gerði ráð fyrir að vera hjá Stjörnunni í vetur en þetta kom óvænt upp á borðið og við ákváðum að stökkva á tækifærið. Þetta er eitthvað sem maður hefur stefnt að lengi og þetta býðst ekki á hverjum degi," sagði Dagur þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær.

„Aðstæðurnar eru flottar og þjálfararnir virkuðu flottir, þeir lofuðu mér stóru hlutverki þannig að ég er afar spenntur. Ég er ekki alveg viss um styrkleika deildarinnar en umboðsmaðurinn minn talaði um að þetta væri aðeins betri deild en skandinavísku deildirnar og aðsóknin góð."




Dagur Kár lék með Grindavík undanfarin tvö tímabil. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hann hrósaði uppeldisfélagi sínu, Stjörnunni, fyrir stuðninginn þegar hann greindi félaginu frá ákvörðun sinni.

„Ég var með ákvæði um að geta skoðað möguleika á atvinnumennsku í samningnum.

Ég er virkilega þakklátur fyrir viðbrögð Stjörnumanna. Þeir samglöddust strax og voru ekki með neitt vesen," sagði Dagur og bætti við:

„Ég er búinn að þekkja flesta þarna lengi og þeir eru held ég bara ánægðir að það sé uppalinn Stjörnumaður kominn í atvinnumennsku."

Dagur tók þetta skref meðal annars með það að sjónarmiði að gera atlögu að landsliðssæti. „Ég hugsaði mikið út í það, hvað ég gæti gert til að komast í þetta landslið og ég get vonandi sýnt hvað í mér býr þarna úti."

Sífellt fleiri ungir leikmenn eru að komast út í atvinnumennsku en Dagur sló á þráðinn til Martins Hermannssonar í aðdraganda félagaskiptanna.

„Ég heyrði aðeins í Martin, hann hjálpaði mér mikið í þessu ferli og veitti mér góð ráð. Hann veit alveg hvað hann hefur verið að gera í þessu." **– kpt**


Elegance is an attitude
Kate Winslet
LONGINES®
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is
Longines DolceVita

## Merkisatburðir



**1847** Nýlendan Líbería í Afríku fær sjálfstæði. Höfuðborgin er nefnd Monróvía í höfuðið á forseta Bandaríkjanna, James Monroe, sem studdi nýlendustofnunina.

**1775** Bandaríska póstþjónustan er stofnuð.

**1788** Breskir landnemar setjast að í Sydney í Ástralíu og hefja þar með langvinnar deilur við frumbyggja landsins.

**1945** Verkamannaflokkurinn vinnur bresku þingkosningarnar og tekst að koma Winston Churchill frá völdum.

**1983 Einar Vilhjálmsson** setur Íslandsmet í spjótkasti þegar hann kastar 90,66 metra og sigrar á úrvalsmóti Norðurlanda og Bandaríkjanna.




Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ögmundur Guðmundsson**

rafvirkjameistari,
Sóleyjarima 11,

lést á hjartadeild Landspítalans 23. júlí.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Guðjónsdóttir**
**Guðjón Gunnar Ögmundsson** **Sigrún Birgisdóttir**
**Sólveig Jóna Ögmundsdóttir** **Stefán Kristjánsson**
**Guðmundur K. Ögmundsson** **Helena M. Agnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðmundur Guðjónsson**

lést á blóðlækningadeild LSH, 11G, miðvikudaginn 18. júlí.
Útförin fer fram þriðjudaginn 31. júlí kl. 13 frá Lágafellskirkju í Mosfellsbæ.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Selma Guðmundsdóttir**
**Guðjón Guðmundsson og Ríkey Andrésdóttir**
**Bára Kolbrún Guðmundsdóttir og Þorsteinn Hermannsson**
**Berglind Guðmundsdóttir og Reynir Óskarsson**
**Bryndís Björk Guðjónsdóttir**
**Iða Mary Guðmundsdóttir og Ludvig Carl Hilmarsson**
**og fjölskyldur.**



Bróðir okkar,

**Þorlákur Þorláksson**

Hjúkrunarheimilinu Eyri, Ísafirði,

lést þriðjudaginn 17. júlí síðastliðinn.
Hann verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 28. júlí kl. 14.

**Sigurður Þorláksson, Guðmundína Þorláksdóttir Hestnes,**
**Jón Þorláksson, Gísley Þorláksdóttir**



Elskuleg eiginkona, móðir og amma,

**Anna Margrét Þóroddsdóttir**

Bekansstöðum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi 20. júlí.
Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 31. júlí kl. 13.00.

**Finnur Stefán Guðmundsson**
**Jón Valgeir Viggósson**
**Anna María Viggósdóttir**
**Valgerður Viggósdóttir**
**og barnabörn.**


# Tengja Íslendinga, Baska og Spánverja með tónlist

**Íslensk, basknesk og spænsk lög munu hljóma í samkomuhúsinu Dalbæ á Snæfjallaströnd, eyðibyggð við norðanvert Ísafjarðardjúp, 28. júlí. Baskavinafélagið og Snjáfjallasetur standa fyrir tónleikunum. Ólafur Jóhann Engilbertsson er þar með í ráðum.**

Þau Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran og Francisco Javier Jáuregui gítarleikari, sem skipa Dúó Atlantica, ætla að flytja þjóðlög á basknesku, spænsku og íslensku í félagsheimilinu Dalbæ á Snæfjallaströnd á laugardaginn. Einnig sönglög eftir Sigvalda Kaldalóns, eitt ástsælasta tónskáld Íslendinga, sem gegndi einmitt læknisstörfum í héraðinu í tíu ár og tók þar upp Kaldalónsnafnið.

Nokkur lög á tónleikunum tilheyra safni þjóðlaga sem rithöfundurinn Federico García Lorca og flamenkósöngkonan „La Argentinita“ söfnuðu í Andalúsíu. Lorca útsetti lögin á einfaldan hátt fyrir rödd og píanó en Guðrún og Javier flytja lögin, umskrifuð af Javier, fyrir rödd og gítar, að því er kemur fram í fréttatilkynningu.

Snæfjallaströnd er við norðanvert Ísafjarðardjúp. Sveitin er nú í eyði en Ólafur Jóhann Engilbertsson er fróður um hana. Hann er formaður stjórnar Snjáfjallaseturs sem er fimmtán ára gamalt félag um útgáfu, vefsetur, sýningar og viðburði á Snæfjallaströnd.

„Dalbær er samkomuhús sem byggt var í Unaðsdal 1973. Þar hafa verið viðburðir öðru hvoru á undanförnum árum þó íbúarnir séu farnir úr sveitinni. Grunnsýningin þar er sögu- og myndasýning úr Snæfjalla- og Grunnavíkurhreppum hinum fornu. Sérsýningar eru um Sigvalda Kaldalóns tónskáld og önnur um Baskavígin,“ lýsir hann.

Unaðsdalur er við enda vegarins við Djúpið norðanvert. Þar eru ýmsir hópar á ferð, að sögn Ólafs Jóhanns, meðal annars gönguhópar og hægt er að óska eftir gistingu í Dalbæ. Ingibjörg Kjartansdóttir, sem er með símanúmerið 868 1964, tekur við pöntunum. „Þetta er svo sem ekki fjölsótt svæði en alltaf er reytingur af fólki yfir sumarið. Vegurinn er ágætur, heflaður malarvegur um 38 kílómetra leið frá malbikaða veginum inni í Djúpi,“ segir Ólafur.



**Ólafur kemur að menningarstarfsemi í eyðibyggðum Vestfjarða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hús tileinkað skáldinu Steini Steinarr er á þessari leið, reyndar örskammt frá þjóðveginum til Ísafjarðar. „Ég mæli með kaffinu í Steinshúsi og vöfflunum. Þar er sýning um Stein sem var sett upp fyrir þremur árum og er opin fram í lok ágúst,“ segir Ólafur.

Baskavinafélagið er einn angi menningarstarfseminnar sem tilheyrir þessu svæði. Ólafur segir milli 40 og 50 manns í því félagi. „Ísland og Spánn voru tengd í gegnum aldirnar vegna fiskveiða Spánverja við Ísland og á 17. öld var gefið út baskneskt-íslenskt orðasafn, það hefur verið talið fyrsti vísir að orðabók á Íslandi,“ upplýsir hann.

Tónleikarnir hefjast klukkan 16.30. Aðgangur er ókeypis en kaffiveitingar verða til sölu. **gun@frettabladid.is**

# Við erum náttúrlega nördar af guðs náð

Hljómsveitin Umbra Ensemble flytur nýja og forna tónlist í eigin útsetningum í Hannesarholti við Grundarstíg í kvöld. „Við gáfum út plötu í vor og erum að fylgja henni eftir en erum líka með suðurevrópska trúbatoratónlist frá 11. og 12. öld sem við höfum verið að rannsaka.“ segir Lilja Dögg Gunnarsdóttir, söngkona í Umbru. „Fólk heldur kannski að trúbadorar þess tíma hafi verið á flakki en þeir virðast meira hafa verið í vinnu við hirð eða hjá yfirstéttarfólki. Þess vegna hafa verkin líklega varðveist,“ bætir hún við til fróðleiks.

Tónleikarnir bera yfirskriftina Úr myrkrinu. „Við erum vissulega að draga fram forna tónlist en alltaf með það að leiðarljósi að yrkisefnið höfði til fólks í dag og tónmálið sé aðgengilegt. Við útsetjum þessa gömlu tónlist út frá okkar kynslóð, nálgumst þetta pínu eins og popphljómsveit,“ heldur Lilja Dögg áfram og segir mikla vinnu liggja að baki hverju lagi. „Við vinnum eins og við séum að semja tónlistina þó við séum það ekki. Erum allar jafnvirkar í tónlistarsköpuninni og með brennandi áhuga á fornri tónlist, þó við dönsum á línunni.“



**Arngerður leikur á hörpu, Guðbjörg á fiðlu, Lilja Dröfn syngur og Alexandra er á bassa.**

Lilja Dögg segir þær stöllur í Umbru óhræddar við að gefa sér rými til túlkunar, alltaf með það að leiðarljósi að hreyfa við áheyrendum. „Við pælum í textunum og syngjum jafnvel á tungumálum sem eru útdauð,“ segir hún. „Við erum náttúrlega nördar af guðs náð og mjög samstiga í því.“

Tónleikarnir tilheyra röðinni KÍTÓN Sumar í Hannesarholti. Þeir hefjast klukkan 20. Miðaverð er 3.000 krónur. **gun@frettabladid.is**

Frjáls framlög – enginn kostnaður!

SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Gengur í strekkings austan- og norðaustanátt í dag með talsverðri rigningu suðaustanlands, en annars hægara og úrkomuminna. Dregur úr vindi og úrkomu í kvöld. Hiti víða 10 til 15 stig.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 10° | 12° |
| 1 | 2 | 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 15° | 12° | 9° |
| 7 | 3 | 1 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 10° | 15° |
| 3 | 3 | 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 10° | 13° | 11° |
| 5 | 3 | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 7 | | | 4 | | 2 |
| 6 | 2 | | | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | 6 |
| 7 | | | 1 | | | | 3 | |
| 9 | | | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. frárennsli
5. skordýr
6. tveir eins
8. vistabúr
10. klíður
11. pota
12. slabb
13. rök
15. afhendingar
17. fyrirtæki

**LÓÐRÉTT**
1. skrumskæla
2. óforsjálni
3. upptök
4. drepa
7. ferhyrningur
9. kk nafn
12. köttur
14. bókstafur
16. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** afrás, **5.** fló, **6.** tt, **8.** matbúr, **10.** ys, **11.** ota, **12.** krap, **13.** deig, **15.** afsals, **17.** firma.
**LÓÐRÉTT: 1.** afmynda, **2.** flas, **3.** rót, **4.** stúta, **7.** trapisa, **9.** borgar, **12.** kisi, **14.** eff, **16.** lm.

## Skák Gunnar Björnsson

Jóhann Hjartarson (2.523) átti leik gegn bandaríska alþjóðlega meistaranum Craig Hilby (2.426) á Xtracon-mótinu við Helsingjaeyri í gær.



**Hvítur á leik**
**27. Hxg7! 1-0.** Eftir 27.... Kxg7 kemur 28. Dh6+ og mátar. Eftir 27.... Rxg7 28. Df4! Rf5 29. Rxf5 er svartur varnarlaus). Jóhann hefur 5 vinninga eftir 6 umferðir og er í hópi efstu manna.

**www.skak.is:** Snilldartilþrif heimsmeistarans.

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# FISKUR Í RASPI

**1.590 kr.kg**



# LAXAFLÖK

**BEINLAUS OG FOTT**
**FERSK OG/EÐA MARINERUÐ**

**2.990 kr.kg**



TILBÚIN BEINT Á GRILLIÐ



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 555 2800

# HITAVEITUSKELJAR FRÁ USA

## PLUG & PLAY



FÁÐU TILBOÐ Í SKEL OG LOK HJÁ OKKUR.

Koma með niðurfalli og yfirfalli ásamt vönduðu handfangi.

3 stærðir

| | |
|---|---|
| 200 x 200 | 4-5 manna |
| 215 x 215 | 5-6 manna |
| 230 x 230 | 6-8 manna |



# HEITIRPOTTAR.IS

Heitirpottar / Höfðabakki 1 við Gullinbrú / 110 Reykjavík / Heitirpottar.is / sími: 777 2000

# Jón lærði – Misskilinn maður um aldir

**Á Reykholtshátíð flytur Ólína Þorvarðardóttir fyrirlestur um Jón lærða. Segir hann vera á pari við ýmsa merka menn.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Reykholtshátíð hefst á morgun, föstudaginn 27. júlí með veglegri tónlistardagdagskrá, hátíðarguðsþjónustu og fyrirlestri sem haldinn verður á laugardag í Snorrastofu klukkan 13.

Fyrirlesari hátíðarinnar að þessu sinni er dr. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir þjóðfræðingur. Titill erindis hennar er: „Fyrsti blaðamaðurinn – fyrstur til margs. Um náttúrur Jóns lærða.“

**Útlagi í eigin landi**

„Jón lærði hefur verið misskilinn maður um aldir,“ segir Ólína. „Einna frægastur er hann fyrir skrif sín um Spánverjavígin 1615 sem voru hrikalegt fjöldamorð – það eina sem sögur fara af á Íslandi – framið af Ara sýslumanni í Ögri og mönnum hans á vopnlausum baskneskum skipbrotsmönnum.

Ari, sem var héraðsríkur höfðingi á þeim tíma, sýslumaður og umboðsmaður konungsjarða, var öflugur valdsmaður og aðrir embættismenn á svæðinu mæltu verkinu bót. Jón lærði, sem að því er virðist hafði verið vinur Ara í Ögri, fann ekki hjá sér neina meðvirkni í þessu máli. Þarna voru á þriðja tug baskneskra skipreika hvalveiðimanna drepnir í griðum. Jón skrifaði „Sanna frásögu af spanskra manna skipbrotum og slagi“ um þessa atburði þar sem hann afhjúpar verknaðinn sem ódæðisverk. Þar með ýfði hann fjaðrirnar á Ara í Ögri og komst í ónáð hjá embættisveldinu kringum hann. Upp frá því varð líf hans ein samfelld hrakfallasaga.

Jón lærði var mjög gáfaður maður. Hann var sjálfmenntaður alþýðufræðimaður, náttúrufræðingur og grúskari en líka skáld og listamaður og kirkjuskreytingar hafa varðveist eftir hann. Alþýða landsins hafði engar forsendur til að skilja hvorki fræði hans né viðfangsefni. Ísland var illa upplýst samfélag á sautjándu öld, samfélag dómhörku, fátæktar og einangrunar, þannig að vörumerkið sem Jón fékk á sig var merki kraftaskáldsins og draugabanans. Hann fékkst við lækningar og átti lækningabækur, en á hans tíð var ekki alltaf augljós munur lækningabóka og galdrabóka. Þegar Jón var kominn í ónáð hjá yfirvöldum fór allt þetta að vinna gegn honum og um síðir fékk hann á sig galdraákæru. Á 17. öldinni var fólk brennt á báli fyrir minnsta grun um galdur, ekki þurfti annað en að blað fyndist í förum fólks til að það yrði sakfellt. Má þess vegna kallast hálfgert kraftaverk að Jón skyldi sleppa við galdrabálið. Hann átti öfluga vini, þar á meðal Brynjólf Sveinsson biskup í Skálholti, sem vildu honum vel. Sennilega hafa þeir menn haldið hlífiskildi yfir honum og reynt að hjálpa honum á bak við tjöldin.

## Tónlistarveisla á Reykholtshátíð

**Það eru Kristinn Sigmundsson, Anna Guðný Guðmundsdóttir og Kammersveit Reykholtshátíðar sem koma fram á opnunartónleikum Reykholtshátíðar á föstudag, 27. júlí. Á laugardag, 28. júlí, flytur Hljómeyki íslenskar kórperlur og sama dag flytur Kammersveit Reykjavíkur verk eftir Mozart og Bartók. Á lokatónleikum Reykholtshátíðar á sunnudag flytur Kammersveit Reykholtshátíðar ásamt Kristni Sigmundssyni úrval íslenskra kammerverka frá fullveldisárinu 1918 og fram á okkar dag.**

Síðan líða aldir og Jón lærði er alltaf meðhöndlaður eins og hálfgerður furðufugl og sérvitringur og talaður nokkuð niður. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem menn taka að gera sér grein fyrir því hversu mikið var í hann spunnið. Ef við speglum hans tilveru við samtímann þá sjáum við að hann er á pari við ýmsa merka menn og ef við horfum til blaðamennskunnar þá á hann ýmislegt sameiginlegt með Snowden og Assange því hann er uppljóstrari og geldur fyrir það með lífi sínu, þótt hann hafi lifað af. Hann varð útlagi í eigin landi.“

**Frekari kynni af Jóni**

Spurð hvenær áhugi hennar á Jóni lærða hafi vaknað segir Ólína: „Þegar ég var að skrifa doktorsritgerð mína um brennuöldina þá rak Jón lærða fljótlega á fjörur mínar. Ég fór í gegnum öll galdramál á Íslandi sem voru háð fyrir dómstólum og það eru til skjöl um hans mál. Núna er ég að skoða fornar lækningar, gömul lækningahandrit, sögu lækninganna og þróun þeirra frá upphafi til dagsins í dag. Þar kemur Jón lærði líka við sögu því hann var dæmdur árið 1631 fyrir lækningakver sitt sem hann kallaði „Bót eður viðsjá við illu ákasti“. Það er glatað en lýsing á því er til í dómskjölum og sé sú lýsing borin saman við aðrar lækningabækur má sjá að þetta hefur verið nokkuð dæmigert lækningakver.



„Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem menn eru að gera sér grein fyrir því hversu mikið var í hann spunnið,“ segir Ólína um alþýðufræðimanninn Jón lærða. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI




Læknakver Jóns lærða.

**EF VIÐ HORFUM TIL BLAÐAMENNSKUNNAR ÞÁ Á HANN ÝMISLEGT SAMEIGINLEGT MEÐ SNOWDEN OG ASSANGE ÞVÍ HANN ER UPPLJÓSTRARI OG GELDUR FYRIR ÞAÐ MEÐ LÍFI SÍNU, ÞÓTT HANN HAFI LIFAÐ AF. HANN VARÐ ÚTLAGI Í EIGIN LANDI.**

Á þeim tíma var hins vegar lítill munur gerður á þeim og galdraverunum því mikil hjátrú var komin inn í lækningabækurnar, eins og rúnir og annað sem er lækningum óviðkomandi.

Svo var ég svo heppin að fá að skrifa ritdóm um bók sem kom út fyrir nokkrum árum og hét Í spor Jóns lærða þar sem fræðimenn fjölluðu um hann frá ýmsum sjónarhornum og þá vitjaði hann mín aftur,“ segir Ólína.

Þetta verður í fyrsta sinn sem Ólína fer sjálf á Reykholtshátíð enda hefur hún verið búsett á Ísafirði mörg undanfarin ár og ekki beint átt leið um Borgarfjörðinn um þetta leyti eins og hún segir. „Mér finnst þetta merk lista- og menningarhátíð þar sem listin og fræðin vefast saman og skemmtileg er sú hefð að hafa fræðafyrirlestur í tengslum við tónlistarhátíð. Mér er sannur heiður að því að halda fyrirlestur hátíðarinnar að þessu sinni.“

JÚLÍ | 2018

Við erum eldsnöggir að skoða bílinn!



# Bíllinn yfirfarinn og allir öruggir!

## Láttu skoða bílinn í réttum mánuði hjá Frumherja

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Söluskoðun · Hópbílar · Farprófari

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS JU 19 2019 567

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




**Það er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja!**

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# Ég er að reyna á þanþol myrkursins

**Á sýningu sinni í Ramskram galleríi sýnir Bjargey Ólafsdóttir alvöru ljósmyndir sem þó liggja á mörkum skáldskapar og veruleika. Sýningin nefnist Vasaspegill.**


„Ég vel mér fórnarlömb af kostgæfni," segir Bjargey kímin og á þar við fyrirsæturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

Þetta er smá leikhús, með myndunum reyni ég að fanga andrúmsloft og búa til stemningar," segir Bjargey Ólafsdóttir myndlistarkona um nokkur dimm en ljóðræn ljósmyndaverk sem hún er með á sýningu sinni í Ramskram galleríi á Njálsgötu 49.

Verkin eru öll unnin á vettvangi, að sögn Bjargeyjar. Hún kveðst ná hinu draumkennda yfirbragði þeirra með því að munda myndavélina í myrkri og vinna svo með lítið ljós. „Ég er að reyna á þanþol myrkursins," útskýrir hún. Skyldi hún kannski líka reyna á þanþol fyrirsætanna? „Já, segir hún glaðlega. „Ég vel mér fórnarlömb af kostgæfni og myndirnar eru samspil milli mín og þeirra sem sitja fyrir. Það eru tveir leikarar, einn arkitekt, tveir myndlistarmenn og kvikmyndatökukona, sem er ekki vön að vera fyrir framan linsuna."

**ÉG GERI TILRAUNIR OG STUNDUM DETT ÉG NIÐUR Á EITTHVAÐ SEM MÉR FINNST VIRKA, ÞÁ HELD ÉG ÁFRAM MEÐ ÞAÐ. ÞESSI SERÍA ER UNNIN Á LÖNGUM TÍMA.**

Bjargey kveðst ekki hafa þurft að kalla hverja fyrirsætu oft til samstarfs, heldur tekið margar myndir í senn. „Það er fjöldi mynda bak við þær sem ég vel til sýningar. Reyndar eru fleiri til inn í þessa seríu í Ramskram og kannski sýni ég þær seinna, þessar pössuðu bara inn hér."

Oft kveðst Bjargey vinna með nokkrar seríur í einu og safna í þær þegar hún rekst á fólk eða aðstæður sem passa inn í andrúmsloft hverrar og einnar. „Ég geri tilraunir og stundum dett ég niður á eitthvað sem mér finnst virka, þá held ég áfram með það. Þessi sería er unnin á löngum tíma," lýsir hún.

Listsköpun Bjargeyjar hefur ekki verið bundin við einn listmiðil. Hún er þekkt fyrir að segja sögur með því sem hún gerir og velja sér þann miðil sem hentar best hverju sinni. Hún fæst við kvikmyndagerð, hljóðverk, gjörninga, teiknar, málar og myndar. Í sumar er hún landvörður norðan Vatnajökuls, í Kverkfjöllum, Hvannalindum og Krepputungu og kveðst vera mikið á ferðinni þar á milli. Skyldi hún hafa tekið margar myndir í óbyggðunum. „Nei, kannski eina á dag. Ég er meira upptekin af vinnunni og bara af því að vera til."

Sýningin Vasaspegill stendur til 25. ágúst.



Master Lock



## Master Lock 5441EURD lyklageymslubox

sem opnast með farsíma (bluetooth)

**Verð: 17.980 kr.**



Bluetooth SMART

## Master Lock 4401EURDL hengilás sem opnast með farsíma

Hægt er að miðla aðgangskóða í gegnum frítt app og fylgjast með aðgangi.

**Verð: 9.920 kr.**

Lockitron

Wi Fi Bluetooth

- Gamli lykillinn virkar áfram
- Vatns- og vindvarinn
- WiFi & Bluetooth



## Lockitron Bolt snjalllás

Gerir snjallsímann þinn að öruggum lykli til að opna fyrir fjölskyldu, vinum eða öðrum gestum þegar þér hentar og hvaðan sem er.

**Verð: 39.990 kr.**

LIFESAVER




## LifeSaver 9040TLSB reykskynjari

Reykskynjarar 2 stk., jónískir

**Verð: 1.984 kr.**

# Öryggi í sumarbústaðnum

Allir vilja koma að sumarbústaðnum sínum eins og þeir skildu við hann og tryggja öryggi sitt og sinna sem best. Því er sjálfsagt að grípa til varúðarráðstafana eins og að nota trausta lása, setja upp þjófavarnarkerfi, slökkvitæki og að sjálfsögðu reykskynjara. Margs konar öryggisvörur og lásar fást í úrvali hjá Vélum og verkfærum.

BLAUPUNKT



**Blaupunkt SA2700**

## Þráðlaust þjófavarnarkerfi

- Fullkominn GSM hringibúnaður
- Hægt að stjórna með Connect2Home-appi
- Boð send með sms eða tali
- Viðbótarskynjarar og fjöldi aukahluta fáanlegir

**Verð: 39.990 kr.**

»KLETTER-FIX«



## Kletter-Fix N5 5 m flóttastigi (bruna)

**Verð: 14.260 kr.**

Einnig fáanlegir 8 metra

OLYMPIA



## Olympia 9030 þráðlaust þjófavarnarkerfi

- Mjög einfalt í uppsetningu/notkun
- Fyrir farsímakort (GSM)
- Hringir í allt að 10 símanúmer
- Allt að 32 stk. skynjarar
- 2 stk. hurða/gluggaskynjarar og fjarstýring fylgir
- Fáanlegir aukahlutir: viðbótarfjarstýringar, glugga/hurða-skynjarar, svæðisskynjarar PIR, reyk- og vatnsskynjarar

**Verð: 13.330 kr.**

TELEFUNKEN




## Telefunken hjartastuðtæki AED

**Verð: 135.718 kr.**

Pipar\TBWA

VÉLAR & VERKFÆRI
Skútuvogi 1c 104 Reykjavík Sími 550 8500 Fax 550 8510 www.vv.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 26. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** Slagverkstónleikar
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Tónlistarskóli Garðabæjar
Helgi Þorleiksson slagverksleikari heldur tónleika í sal Tónlistarskóla Garðabæjar. Flutt verður tónlist eftir Áskel Másson, Geir Rafnsson og Lárus Grímsson. Helgi hefur í sumar tekið þátt í Skapandi sumarstörfum í Garðabæ eftir að hafa lokið slagverksnámi í Svíþjóð og Noregi. Verkefni sumarsins hefur verið að æfa og flytja íslenska slagverkstónlist og eru tónleikarnir lokaliðurinn í því starfi. Aðgangur er ókeypis

**Hvað?** Alþjóðlegt orgelsumar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Í dag leikur einn fremsti organisti okkar af ungu kynslóðinni, Lára Bryndís Eggertsdóttir, verk eftir G. Pierné og Bedrich Smetana (Moldau). Miðaverð kr. 2.000.



Stefán Pálsson sagnfræðingur leiðir göngu um áfengislausan höfuðstað ársins 1918 í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Hvað?** Þjóðhátíðarupphitun
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Ingó og veðurguðirnir munu halda uppi sannkallaðri Þjóðhátíðarstemmingu. Tuborg Green verður á hátíðarprís og önnur geggjuð tilboð á barnum. Hægt verður að vinna miða á Þjóðhátíð í Eyjum.

**Hvað?** Una Stef – Freyjujazz
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Listasafn Íslands
Söngkonan og lagasmiðurinn Una Stef hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár en hún hefur heillað landann með sálar-og djassskotnum lögum sínum líkt og Mama Funk og útvarpssmellinum The One, sem fékk jafnframt tilnefningu sem lag ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum í ár auk þess sem Una sjálf var tilnefnd sem söngkona ársins. Í grunninn er Una djassari í húð og hár en hún hefur t.d. komið fram með Stórsveit Reykjavíkur og á ýmsum djasskonsertum. Una ætlar að flytja uppáhalds djassstandardana sína með Sunnu Gunnlaugs á píanó og Róberti Þórhallssyni á bassa. Aðgangseyrir á safnið er 1.800 krónur. Tónleikarnir verða á efstu hæð og verður barinn opinn.

**Hvað?** Beethoven, Nordal og Rachmaninoff – Hjörtur Páll & Filip Štrauch
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Hjörtur Páll Eggertsson var fimm ára gamall þegar hann hóf að leika á selló. Fyrsti kennari hans var Örnólfur Kristjánsson, en hann stundaði síðar frekara nám hjá Sigurgeiri Agnarssyni og Gunnari Kvaran. Filip Štrauch er meðal hæfileikaríkustu píanista sinnar kynslóðar frá Slóvakíu. Hann hóf ungur að aldri að leika á píanó í heimabæ sínum Zilina undir handleiðslu föður síns, sem var píanóleikari. Síðar flutti hann til Bratislava til að læra við tónlistarháskólann þar.

**Hvað?** Tónleikar á Dillon: Teitur Magnússon Band
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Teitur Magnússon & Æðisgengið troða upp á Dillon á þessu indæla þórsdagskveldi. Ný plata er að lenda og mannskapurinn í filing! Frítt inn, frjáls framlög vel þegin, auk þess sem nýja platan, Orna, verður til sölu á CD og vínyl.

**Hvað?** Uppskeruhátíð – Tónleikar í Gerðarsafni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Menningarhúsin í Kópavogi
Tónlistarmennirnir sem fram koma eru fiðluleikararnir Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir og Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir sem mynda dúóið Bachelsi, klassíski gítarleikarinn



Una Stef spilar á Freyjujazzi í Listasafni Íslands í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Brynjar Friðriksson sem blandar saman klassískri tónlist og popptónlist og Ingibjörg Steingrímsdóttir sem frumflytur eigin verk, útsett fyrir píanó og söng auk þess að leika ábreiður á lög fyrirmynda sinna. Þorsteinn Eyfjörð og Rögnvaldur Konráðs sýna samstarfsverkefnið sitt sem nefnist „Tilvera hversdagsins“ sem snýr að því að skoða hversdagslíf Kópavogs með það að leiðarljósi að draga fram nýja sýn á hið kunnuglega. Þeir blanda saman hljóðrænum og sjónrænum miðlum og afrakstur verkefnisins verður sýndur í formi innsetningar.

### Viðburðir

**Hvað?** Stefán Pálsson leiðir göngu um áfengislausan höfuðstað
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Áfengisbann tók gildi á Íslandi árið 1915 og sambandslögin því samþykkt af bláedrú borgurum þremur árum síðar. Stefán Pálsson sagnfræðingur leiðir göngu um þurra Reykjavík ársins 1918 og þar um bil. Gangan er hluti af Kvöldgöngum sem eru í umsjón Borgarbókasafnsins, Listasafns Reykjavíkur og Borgarsögusafns Reykjavíkur. Kvöldgöngurnar eru fríar og öllum opnar.

**Hvað?** Eldvarnir – meðferð slökkvitækja
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kvartmílubrautin, Hafnarfirði
Kvartmíluklúbburinn boðar til æfingar á meðferð handslökkvitækja fimmtudaginn 26. júlí kl. 20.00 í félagsheimilinu á Kvartmílubrautinni, Hafnarfirði. Farið verður yfir eiginleika og beitingu slökkvitækja ásamt atriðum sem hafa þarf í huga við eld í ökutækjum. Æfingin er tvíþætt. Annars vegar bókleg yfirferð og hins vegar verkleg. Þátttakendur þurfa að vera klæddir til að vera úti og í fatnaði sem hentar í kringum lifandi eld!

**Hvað?** Lokahátíð Skapandi sumarstarfa Kópavogi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hábraut 2, Kópavogi
Í sumar hefur fjölbreyttur hópur af ungu listafólki unnið hörðum höndum að metnaðarfullum og skapandi verkefnum. Afraksturinn verður til sýnis gestum og gangandi, forvitnum og áhugasömum, í Molanum og Gerðarsafni næstkomandi fimmtudag. Verkefnin sem komust að í ár eru fjölbreytt og teygja anga sína um víðan völl á sviði sköpunar. Með tónlist sinni, myndlist, ljóðlist, vegglist, umhverfislist, kvikmyndalist og listalist eignar þetta unga listafólk sér tilverurétt í nýjum heimi, þau kveðja sér hljóðs og við hlustum, dáumst, njótum og leyfum okkur að efast um hugmyndir þeirra en eitt er víst, þau eru mætt! Listamenn framtíðarinnar.

**Hvað?** Uppskeruhátíð Skapandi sumarstarfa í Garðabæ 2018
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Garðatorg 1, Garðabæ
Í sumar hafa 14 einstaklingar tekið þátt í skapandi sumarstörfum. Á uppskeruhátíðinni má sjá verk eftir þau öll: teikningar, myndbönd, ljósmyndir, málverk, ritlistarverk og fleira. Lifandi tónlist verður á svæðinu og léttar veitingar.










THULE SWEDEN

# Hjólagrindur og ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.45 Strákarnir**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Sumar og grillréttir Eyþórs** Glænýir, girnilegir og sumarlegir grillþættir með meistarakokknum Eyþóri Rúnarssyni. Í þessum þáttum sýnir hann okkur réttu handtökin og kynnir fyrir áhorfendum girnilegar uppskriftir, nýstárlegar aðferðir við eldamennskuna og kemur okkur í rétta sumarskapið.
**10.40 Hönnun og lífsstíll með Völu Matt**
**11.05 The Heart Guy**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Before We Go**
**14.35 Middle School. The Worst Years of My Life**
**16.05 Friends**
**16.30 Enlightened**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**19.00 Fréttayfirlit og veður**
**19.05 Modern Family**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.50 NCIS**
**20.35 Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastianich sem snýr aftur í dómarasæti eftir nokkuð hlé. Af gaumgæfni velja nú dómararnir sér átta manna hóp sem þeir svo munu fylgja eftir út þáttaröðina og vera innan handar í þeim þrautum sem eru lagðar fram í eldamennskunni. Eins og áður reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum er það svo einn sem stendur uppi sem Meistarakokkurinn.
**21.20 Lethal Weapon**
**22.05 Animal Kingdom**
**22.50 All Def Comedy**
**23.20 The Tunnel. Vengeance** Þriðja þáttaröð þessarra vönduðu bresku/frönsku spennuþátta sem byggðir eru á dönsku/sænsku þáttaröðinni Brúnni. Breski lögreglumaðurinn Karl Roebuck og franska lögreglukonan Elise Wassermann rannsaka snúin sakamál sem berast á þeirra borð.
**00.10 Killing Eve**
**01.00 Vice**
**01.30 Girls**
**02.00 Mike and Dave Need Wedding Dates**
**03.35 Insecure**
**04.05 Before We Go**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10 International Champions Cup**
**09.50 International Champions Cup**
**11.30 International Champions Cup**
**13.40 Goðsagnir efstu deildar**
**14.30 International Champions Cup**
**16.10 International Champions Cup**
**17.50 Goals of the Season**
**18.45 UEFA - Forkeppni Evrópudeildarinnar**
**21.00 Pepsimörk kvenna**
**22.00 Premier League World**
**22.30 Æfingaleikir**
**00.10 Inkasso deildin**

## STÖÐ 3

**19.10 The New Girl**
**19.35 Last Man Standing**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Famous In Love**
**21.30 The Detour**
**21.55 Boardwalk Empire**
**22.50 The Simpsons**
**23.15 Bob's Burgers**
**23.40 American Dad**
**00.05 The New Girl**
**00.30 Seinfeld**
**00.55 Friends**
**01.20 Tónlist**

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00 Stóri og Litli**
**07.13 K3**
**07.24 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**07.38 Mæja býfluga**
**07.50 Tindur**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.55 Lalli**
**10.00 Strumparnir**
**10.25 Ævintýraferðin**
**10.37 Hvellur keppnisbíll**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Stóri og Litli**
**11.13 K3**
**11.24 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**11.38 Mæja býfluga**
**11.50 Tindur**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.55 Lalli**
**14.00 Strumparnir**
**14.25 Ævintýraferðin**
**14.37 Hvellur keppnisbíll**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Stóri og Litli**
**15.13 K3**
**15.24 Óskastund með Skoppu og Skrítlu**
**15.38 Mæja býfluga**
**15.50 Tindur**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.55 Lalli**
**18.00 Strumparnir**
**18.25 Ævintýraferðin**
**18.37 Hvellur keppnisbíll**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Lukku Láki**

## GOLFSTÖÐIN

**08.20 Golfing World**
**09.10 Barbasol Championship**
**12.10 Golfing World**
**13.00 Ladies Scottish Open**
**16.00 Inside the PGA Tour**
**16.25 PGA Highlights**
**17.20 Golfing World**
**18.10 PGA Special. This is Mackenzie Tour**
**18.35 Inside the PGA Tour**
**19.00 RBC Canadian Open**
**22.00 Ladies Scottish Open**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.10 Florence Foster Jenkins**
**13.00 Absolutely Fabulous. The Movie** Óborganleg gamanmynd frá 2016 með þeim snillingum Joanne Lumley og Jennifer Saunders. Edina og Patsy lifa lífinu eins og þeim einum er lagið í London. Þegar þeim er kennt um mikið klúður í hátísku opnunarpartíi, upphefst mikið fjölmiðlafár.
**14.30 Notting Hill**
**16.35 Florence Foster Jenkins**
**18.25 Absolutely Fabulous. The Movie**
**19.55 Notting Hill**
**22.00 Masterminds**
**23.35 2 Guns** Hörkuspennandi mynd með Mark Wahlberg, Paula Patton og Denzel Washington.
**01.25 Bernard and Doris**
**03.10 Masterminds**

## RÚV

**13.00 Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008**
**13.50 360 gráður**
**14.15 Átök í uppeldinu**
**14.55 Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur**
**15.55 Orðbragð**
**16.25 Grillað**
**16.55 Úr Gullkistu RÚV: Tíu fingur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Begga og Fress**
**18.13 Lundaklettur**
**18.20 Ronja ræningjadóttir**
**18.44 Græðum**
**18.48 Hundalíf**
**18.50 Vísindahorn Ævars**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Hinseginleikinn**
**19.55 Myndavélar**
**20.05 Heimavöllur**
**21.05 Fangar**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Lögregluvaktin**
**23.05 Sýknaður**
**23.50 Veiðikofinn**
**00.10 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**00.45 Touch**
**01.30 Station 19**
**02.15 Instinct**
**03.05 How To Get Away With Murder**
**03.50 Zoo**
**04.40 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 The Tonight Show**
**09.20 The Late Late Show**
**10.00 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.25 King of Queens**
**12.50 How I Met Your Mother**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 American Housewife**
**14.15 Kevin (Probably) Saves the World**
**15.00 America's Funniest Home Videos**
**15.25 The Millers**
**15.50 Solsidan**
**16.15 Everybody Loves Raymond**
**16.40 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Solsidan**
**20.10 LA to Vegas**
**20.35 Flökkulíf**
**21.00 Instinct**
**21.50 How To Get Away With Murder**
**22.35 Zoo**
**23.25 The Tonight Show**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




**MASTERCHEF USA**
KL. 19:50
Gordon Ramsey og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.




**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**NCIS**
KL. 20:35
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




**LETHAL WEAPON**
KL. 21:20
Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.





**ANIMAL KINGDOM**
KL. 22:05
Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annarsvegar. Glæný og meinfyndin þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.

**MASTERMINDS**
KL. 22:00
David Ghantt er næturvörður sem keyrir um göturnar alla daga með annarra manna peninga og sér enga undankomuleið frá þessu leiðindalífi.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**

# ÚTSALA

## Allt að 70% afsláttur

Fatnaður **20 til 70%** afsl.

Svefnpokar **20 %** afsl.

Göngu-og götuskór **20 til 60%** afsl.

Bakpokar **20 til 50%** afsl.

Tjöld **20 til 50%** afsl.

Bergans merino ull **50%** afsl.

Pottasett og eldunar búnaður **20 til 65%**

og margt fleira...

*Íslensku*

**ALPARNIR**

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 12 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is

# Eitt lítið skref...



## Umhverfisvænni umbúðir

Við hjá Ferskum kjötvörum stígum nú stórt skref í pökkun á kjötvörum með nýjum umbúðum sem eru 100% endurvinnanlegar.

Pappaspjaldið er endurvinnanlegt og má setja í pappírstunnuna og plastfilman má fara með öðru plasti til endurvinnslu.

Með þessum umbúðum lengist einnig geymsluþol vörunnar sem stuðlar að minni matarsóun.
Plastmagnið í þessum umbúðum er 70% minna en áður var og fyrirferð þeirra í endurvinnsluílátum því langt um minni.

100% ENDURVINNANLEGAR
70% MINNA PLAST







Sama góða
**UNGNAUTAHAKKIÐ**
í nýjum og betri umbúðum

# UMHVERFISVÆNNI
## einnota diskar og mál




| | |
|---|---|
| Kaffimál m/loki - 10 stk. | 259kr |
| Kökudiskar 18 cm - 20 stk. | 259kr |
| Matardiskar 22 cm - 20 stk. | 298kr |
| Djúpar skálar - 20 stk. | 298kr |
| Matardiskar 3ja hólfa - 20 stk. | 359kr |

## Lífniðurbrjótanlegar vörur
**Þú þekkir þær á Seedling merkinu**

Skilist helst í söfnunarstöð fyrir lífrænan úrgang

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**100% ÍSLENSKT**
ungnautakjöt

**498** kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x100 g, 2x120 g og 2x140 g

**KJARNAFÆÐI**

**1.298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

**ÍSLENSKT**
Lambakjöt

**500ml**

**AÐEINS AÐ HITA**

**498** kr. 500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml

**1kg**

Matarmiklar súpur
**FULLELDAÐAR**
Aðeins að hita

**1.598** kr. 1 kg

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg

**FULLELDAÐ**
Aðeins að hita

**798** kr. kg

**Ali Spareribs**
FulleldUð

**500g**

**PRÓTEINBRAUÐ**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolvetni
pr. 100 g

**98** kr. pk.

**Bónus Flatkökur**
170 g, 5 stk. í pakka

**898** kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

**398** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
400 g

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00


RZA úr goðsagnakenndu rappsveitinni Wu-Tang Clan spilaði á tónleikum í heimaborg sinni New York.


Katy Perry skellir í eina góða sjálfu með áströlskum aðdáendum sínum í Perth.

# Frægir á ferð og flugi

Á meðan jörðin ferðast sína hringi um sólina ferðast fræga fólkið sína hringi um jörðina þar sem það sinnir aðdáendum sínum og hugðarefnum. Í vikunni er fræga fólkið búið að bralla ýmislegt sem vert er að skoða.


Sir Elton John talaði á vegum alnæmissamtaka sinna í Amsterdam á þriðjudaginn.


Mark Wahlberg talaði á ráðstefnu fyrir unga athafnamenn á dögunum og má gera ráð fyrir að viðskiptafólk framtíðarinnar hafi notið góðs af því.


Judi Dench og Kamilla hertogaynja gæddu sér á ís á dögunum. Athæfið komst í fréttirnar vegna þess að Kamillu tókst að sulla ís yfir sig alla.


Vince Neil úr Mötley Crüe fékk lítinn haus, eftirmynd sína, á barnum The Golden Tiki. Það er víst álíka heiður í Las Vegas og það er að fá stjörnu á Hollywood Walk of Fame í Los Angeles.


Hjartaknúsarinn Tony Bennett tók alla sína helstu slagara í Atlanta.

20%
AFSLÁTTUR

# ALLT Í GÖNGUNA

COLEMAN ARAVIS 2
VERÐ 29.990 KR.
TILBOÐ 23.992 KR.

BERGANS RONDANE 30L
VERÐ 16.990 KR.
TILBOÐ 13.592 KR.

PRIMUS MATARSETT
VERÐ 3.490 KR.
TILBOÐ 2.792 KR.

TRESPASS TRANSDUO
GÖNGUSTAFIR
VERÐ 6.995 KR.
TILBOÐ 5.596 KR.

MILLET ALPINE GTX
LEGGHLÍFAR
VERÐ 12.995 KR.
TILBOÐ 10.369 KR.

ZAMBERLAN
VIOZ PLUS
VERÐ 39.990 KR.
TILBOÐ 27.993 KR.

DEVOLD
BREEZE ZIP
VERÐ 11.995 KR.
TILBOÐ 9.596 KR.

Skip
Legg
Mill
12.9

DIDRIKSONS MIRIAM BUXUR
VERÐ 11.995 KR.
TILBOÐ 9.596 KR.

EXPED SYNMAT UL MW LOFTDÝNA
VERÐ 19.995 KR.
TILBOÐ 15.996 KR.

COLEMAN SILVERTON 250 SVEFNPOKI
VERÐ 13.995 KR.
TILBOÐ 11.196 KR.

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

WWW.ELLINGSEN.IS














# Önnur tvenna á leiðinni frá Gauta

Emmsjé Gauti sendi frá sér lagalista af komandi plötu á Twitter. Hann segir plötuna koma út í haust og að hann muni fylgja henni eftir með annarri til líkt og hann gerði um árið þegar tvær plötur komu út með skömmu millibili.



Rapparinn knái sendir von bráðar frá sér tvær glænýjar plötur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég henti út „tracklistanum“ í gær eiginlega smá til að sparka í rassgatið á sjálfum mér – án þess að vilja drífa mig of mikið að gefa út, þá vantaði samt smá svona „kikk“ til að minna mig á það að ég ætla að gefa út plötu í vetur. Ég ætlaði að gefa út plötu í sumar en það varð ekkert úr því vegna þess að ég fann að ég var ekki kominn með það í hendurnar sem ég vildi gefa út, þannig að ég tók mér meiri tíma í þetta. Núna er ég á lokasprettinum með þessa plötu – hún er í því ferli að lögin eru öll komin en það er verið að mixa og mastera, ég er svona að dúlla mér – aðeins að skreyta hana og gera hana fallegri,“ segir Emmsjé Gauti sem „tísaði“ aðdáendur sína á Twitter á þriðjudagskvöldið og skellti skjáskoti af lagalistanum af komandi plötu inn á forritið góða.

Skjáskotið sýnir að þarna verða 13 lög og þar af eru tvö með gestainnkomum – annars vegar lagið Kortér í tólf ásamt Steingrími Teague úr Moses Hightower og Þú gerir mig, sem skartar rapparanum Mælginn. Gauti segir að þetta sé þó alls ekki það eina sem hann er að vinna í þessa dagana.

„Ég er í raun að vinna að tveimur plötum á sama tíma. Önnur platan er meira hugsuð sem svona tækifæri fyrir mig til að rappa af mér rassgatið, mér finnst það góð lýsing á henni. Stundum langar mig ekki að gera neitt annað en að skrifa niður eitthvað sem mér finnst hljóma vel eða finnst fyndið – það þarf ekkert að meika sens eða vera í samhengi – bara af því að ég hef gaman af því. Þannig verður seinni platan. Hin hittir meira í alvarlegri legginn. Ég er að tala um tilfinningar og það er mikið um sjálfsskoðun: dílemmað sem ég er með um hvernig ég geti verið tveggja barna faðir og lifað eðlilegu fjölskyldulífi en látið það hljóma rosa kúl. Það er ekki nóg að það sé geggjaður texti til að rapp sé gott fyrir mig, stundum finnst mér lag með ömurlegum texta mjög gott. Þetta er eins og einhver frönsk bíómynd sem ég sá einu sinni – hún fjallaði um gamalt fólk að deyja á elliheimili og var rosalega góð en samt hundleiðinleg.“




Lagalisti plötunnar.

**EF MAÐUR ER AÐ SÝSLA VIÐ AÐ GEFA ÚT MÚSÍK STANSLAUST ÁN PÁSU ÞÁ ENDAR MAÐUR BARA MEÐ ÞVÍ AÐ VERA AÐ TALA UM ÞAÐ SAMA AFTUR OG AFTUR.**

Í rappárum er orðið svolítið langt síðan Gauti gaf út plötu síðast, en það var árið 2016 sem platan Vagg og velta kom út og var svo fylgt eftir með 17. nóvember sama ár.

„Ég gaf síðustu plötu út fyrir ekkert svo löngu síðan í raun og veru – en markaðurinn er búinn að breytast svo rosalega mikið: ég heyrði JóaPé og Króla tala um eitthvert gamalt lag eftir sig og komst svo að því að þetta lag sem þeir voru að tala um var þriggja mánaða gamalt. Ég var pínu bara „Ókei shit, hvernig á ég að keppa við þetta“ – svo setti ég svo fáránlegan standard þegar ég gaf út tvær plötur með þriggja mánaða tímabili seinast.

Ef maður er að sýsla við að gefa út músík stanslaust án pásu þá endar maður bara með því að vera að tala um það sama aftur og aftur. Það sem ég þurfti dálítið eftir 17. nóvember var smá „breather“ – tími fyrir augun og eyrun að „rístarta“ sér. Maður þarf ekki að endurræsa tölvuna stöðugt, en þú veist – hún verður aðeins betri eftir á.“

Gauti lofar því að gripurinn, eða gripirnir, komi út á þessu ári.

„Stefnan er sett á september – en það er svo óþolandi ... ég fór upp í stúdíó í gær og ætlaði að fikta í gömlu lagi en endaði með að taka upp alveg nýtt lag. Þannig að þetta er í alveg endalausu ferli en ég get lofað að þetta komi árið 2018 en get ekki neglt niður mánuð. Platan heitir FIMM, vegna þess að þetta er plata númer fimm. Eða hún heitir það núna að minnsta kosti en það er aldrei að vita hvað gerist í ferlinu.

Síðasta lagið á plötunni heitir Hættur – ertu hættur?

„Þetta er það sem ég kalla „Frikka Dórs-trikkið“, ég set út eitthvað svona og geri svo tónleika sem heita bara „Hættur“ en svo er ég ekkert hættur. Nei, nei, þetta er bara nafnið á „outroinu“ á plötunni – ég er hættur að rappa á þessari plötu en rappa síðar á öðrum.“ **stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*




1.199 kr.

Original kjúklingabringa með tómatsósu, amerísku sinnepi, súrum gúrkum og tvöföldum osti í ekta Brioche-brauði.




box

1.899 kr.

Alabama Cheese borgari, þrír Hot Wings, franskar, gos og Conga.






SATIN STRIPE - anthracite



WILLIAM - taupe-pink



LOST - black-white

Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

## Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims.

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu
2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.
Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.

SIMBA®




**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í bækl-ingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Verð gildir til 12. ágúst 2018 eða á meðan birgðir endast.*

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Sumarútsala í fjórum búðum

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði




# Sumar útsala

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

## NATURE'S SUPREME

heilsurúm með Classic botni

| Stærð í cm | Fullt verð | Útsöluverð |
|---|---|---|
| 80x200 | 82.900 | 60.830 |
| 90x200 | 89.900 | 65.930 |
| 100x200 | 96.900 | 71.030 |
| 120x200 | 109.900 | 80.530 |
| 140x200 | 119.900 | 87.930 |
| 160x200 | 134.900 | 98.930 |
| 180x200 | 149.900 | 109.930 |



Nature's Bedding

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR
af Supreme dýnu
20% af botni

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aukahlutir á mynd: Gafl og koddar

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Vandaðar kantstyrkingar

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Kristins Inga Jónssonar




## Úrelt hugsun

Hugbúnaður er að éta heiminn," sagði fjárfestirinn Marc Andreessen þegar hann var beðinn um að lýsa þeim áhrifum sem hann teldi að tækniframfarir hefðu haft á daglegt líf fólks. Til útskýringar benti hann á að fyrir fimmtán árum hefðu einungis fimmtíu milljónir manna notað internetið en í dag notuðu fjórir milljarðar það.

Sú öra tækniþróun sem Andreessen lýsti hefur á síðustu árum brotið niður múra í viðskiptum og gjörbylt verslunarhegðun okkar á áður ófyrirséðan hátt. Tækifærin sem þessar framfarir hafa skapað eru óþrjótandi eins og risafyrirtæki á borð við Apple, Amazon og Alibaba hafa sýnt okkur en að sama skapi hefur tæknin ógnað þeim fyrirtækjum sem hafa ekki lagað sig að breyttum tímum.

Sagan geymir fjölmörg dæmi um fyrirtæki sem gnæfðu yfir keppinauta sína allt þar til ný tækni kippti fótunum undan þeim. Nefna mætti Blockbuster, Kodak og Nokia.

Sagan kennir okkur að fyrirtæki þurfa annaðhvort að ná aukinni hagkvæmni til þess að standast sífellt harðnandi samkeppni eða verða nýrri tækni að bráð.

En það er hins vegar ekki nóg að fyrirtækin bregðist við breyttum aðstæðum. Sömu kröfu þarf jafnframt að gera til þess lagaramma sem fyrirtækjunum er settur. Hann má ekki vera svo stífur að þau geti sig hvergi hreyft. Það skýtur til dæmis skökku við að stjórnvöld skuli ekki taka mið af tækniframförum og aukinni netverslun, sem hafa þurrkað út hefðbundin landamæri, þegar þau skilgreina markaði í samrunamálum. Túlkun stjórnvalda er oft á tíðum úrelt og gamaldags í síbreytilegum heimi. Nýr raunveruleiki kallar á breytta sýn. Það á jafnt við um fyrirtæki og stjórnvöld.








